

Mánudaginn 13. apríl 1959.

Nr. 146/1958. **Ákærvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.)

gegn

Brandi Brynjólfssyni (Sigurður Hafstað hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og saksókn er háttað, verða í máli þessu lagðir til grundvallar vaxtareikningar þeir, sem í héraðsdómi greinir, enda er þá eigi á ákærða hallað.

Gunnar Hall hefur fyrir dómi neitað því, að víxillán þau, er í XII. og XVI. kafla héraðsdóms getur, hafi að nokkru verið innt af hendi með skuldabréfum, eins og þar greinir. Kemur mat á þeim skuldabréfum því eigi til álita í sambandi við vaxtakjör þau, sem um var að tefla.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 20.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Brandur Brynjólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur og Sigurðar Hafstaðs héraðsdómslögmannna, kr. 20.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 19. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2869/1958: Ákærvaldið gegn Brandi Brynjólfssyni, sem tekið var til dóms hinn 28. maí sama ár.

Ákærður er Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Baldursgötu 12 hér í bæ, fyrir að hafa:

1. a) veitt Ásgrími Albertssyni gullsmið, Kársnesbraut 15, Kópavogi, í des. 1953 lán, að fjárhæð kr. 20.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða og tekið 10% í vexti fyrir tímabilið,

b) framlengt nefndan víxil tvisvar, þrjá mánuði í hvort skipti, og taka þá í vexti 6% á mánuði,

c) veitt nefndum manni lán í byrjun apríl 1954, að fjárhæð kr. 16.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða og taka fyrir í vexti, þóknun og kostnað kr. 3.200,00 og veita Ásgrími síðan framlengingu á því láni í 4½ mánuð og taka þá í vexti 5% á mánuði,

d) framlengt við Ásgrím um miðjan ágúst 1954 af ofangreindum tveimur lánnum kr. 20.000,00 með nýjum víxli með gjalddaga í byrjun okt. sama ár og taka þá í vexti af nefndum lánnum frá í febrúar og marz 1954 og forvexti af þessum víxli samtals kr. 4.000,00 og veita síðan framlengingu á þessum víxli í þrjá mánuði og taka fyrir það í vexti kr. 2.000,00, er bættust við víxilupphæðina, þannig að hinn nýi víxill varð að fjárhæð kr. 22.000,00;

2. veitt Þórhalli B. Sigurjónssyni, Silfurtúni A 1, Garðahreppi, peningalán 30. okt. 1953 samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 23.000,00, með gjalddaga 30. jan. 1954 með 3% forvöxtum á mánuði og tryggt samkvæmt tryggingarbréfi með veðrétti í húseign og síðan framlengja lán þetta, venjulegast til þriggja mánaða í senn, nokkrum sinnum með sömu forvaxtafjárhæð, þar til lánið var framlengt í síðasta skipti, og taka þá 7% í vexti í 3 mánuði;

3. veitt Georg Pálssyni kyndara, Skipasundi 55, lán samkvæmt víxli til þriggja mánaða, að upphæð kr. 10.000,00, á árinu 1953 eða 1954 og taka fyrir í forvexti kr. 1.000,00;

4. veitt Guðjóni Ólafssyni, Víðimel 60, lán samkvæmt víxli, út gefnum 8. febr. 1954, til greiðslu 8. maí s. á., út gefnum af Guðjóni Einarssyni og samþykktum af Guðjóni Ólafssyni, með 5% forvöxtum á mánuði, tryggt með handveði í tveimur veðskuldabréfum, út gefnum af Guðjóni Þorsteinssyni, Kirkju-teigi 19;

5. keypt með 15% afföllum tvo víxla fyrri hluta árs 1954 af Jóhannesi Sæmundi Pálssyni rafvirkja, Hringbraut 86, er var samþykkjandi þeirra beggja, og var hvor um sig að fjárhæð kr. 15.000,00 og báðir til þriggja mánaða;

6. a) veitt Skóverzlun Björgúlfs Stefánssonar lán í júní 1954, að fjárhæð kr. 40.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða með 4% vöxtum á mánuði, víxillinn var samþykktur af Björgúlfi Stefánssyni, Blönduhlíð 10,

b) veitt sama fyrirtæki lán í júlí 1954, að fjárhæð kr. 40.000,00, með 4% eða 5% vöxtum á mánuði samkvæmt víxli til þriggja mánaða, út gefnum af nefndum Björgúlfi persónulega og samþykktum af Björgúlfi f. h. nefnds fyrirtækis,

c) veitt sama fyrirtæki í sept. 1954 lán, að fjárhæð kr. 60.000,00, til þriggja mánaða með 4% vöxtum á mánuði, samþykkjandi og útgefandi þeir sömu og greinir í b-lið,

d) veitt sama fyrirtæki í sept. 1954 lán, að fjárhæð kr. 80.000,00, til þriggja eða fjögurra mánaða með 4% vöxtum á mánuði, samþykkjandi og útgefandi þeir sömu og greinir í b-lið,

e) veitt sama fyrirtæki í des. 1954 framlengingu á víxlláni því, er greinir í c-lið hér að framan, með nýjum víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 60.000,00, með 4% vöxtum á mánuði,

f) áskilið sér 14% ársvesti af innlagi, að fjárhæð kr. 100.000,00, er ákærði lofaði að leggja inn í Iðnaðarbankann til ráðstöfunar fyrir Skóverzlun Björgúlfs Stefánssonar, seint á árinu 1954 eða í ársbyrjun 1955,

g) veitt ofanefndu fyrirtæki um áramót 1954—1955 lán samkvæmt víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 34.000,00, og taka í vexti og afföll af láninu kr. 2.500,00;

7. veitt Sigurði T. Magnússyni, Hlunnavogi 10, lán 6. okt. 1954 samkvæmt víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 50.000,00, með 4% vöxtum á mánuði og veita síðan framlengingu á víxilláninu tvisvar, þrjá mánuði í hvort skipti, með sömu vaxtakjörum;

8. veitt Birni Steindórssyni bílstjóra, Klöpp, Seltjarnarnesi, á árinu 1954 lán, að fjárhæð kr. 40.000,00, með víxli til þriggja mánaða með 20% ársvöxtum, tryggðum með veðrétti í húsinu Skipasundi 86;

9. a) veitt Eyjólfí Jónssyni, Hófgerði 7, Kópavogi, á árinu 1954 lán, að upphæð kr. 71.500,00, samkvæmt 2 víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 52.500,00, en hinum að fjárhæð kr. 19.000,00, með 10% vöxtum í 3 mánuði.

b) framlengt framangreint lán til þriggja mánaða samkvæmt

víxli með gjalddaga 18. jan. 1955, að fjárhæð kr. 71.500,00, með sömu vaxtakjörum,

c) framlengt framangreint lán til þriggja mánaða með tveimur víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 69.000,00, en hinum að fjárhæð kr. 2.500,00, með sömu vaxtakjörum, gjalddagi víxla þessara var 18. apríl 1955,

d) framlengt mestan hluta nefnds láns með víxli til tveggja mánaða, að fjárhæð kr. 69.500,00, með sömu vaxtakjörum,

e) veitt nefndum Eyjólfí lán á árinu 1954, að upphæð kr. 50.000,00, samkvæmt víxli til þriggja mánaða með gjalddaga 5. desember 1954 með sömu vaxtakjörum,

f) framlengt víxil þann, er greinir í e-lið hér að framan, nokkrum sinnum með sömu vaxtakjörum, þar til víxillinn var greiddur 30. júlí 1955;

10. veitt um áramót 1954—1955 Hrafnkeli Guðjónssyni, Hverfisgötu 101, lán, að fjárhæð kr. 22.000,00, með 10% vöxtum í þrjú mánuði. Var lánið tryggt með handveði í víxli, að fjárhæð kr. 70.000,00, og tryggingarbréfi.

Brot þau, er greinir í 1. tölul. a, b og c, 2. tölul., 3. tölul., 7. tölul., 8. tölul., 9. tölul. og 10. tölul., þykja varða við lög nr. 73/1933, 2. gr., sbr. lög nr. 75/1952, og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Brot þau, er greinir í 1. tölul. d og 6. tölul., þykja varða við lög nr. 73/1933, 3. gr., og 2. mgr. 6. gr., og brot það, er greinir í 5. tölul., þykir einnig varða við 4. gr. laga nr. 73/1933.

11. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64 hér í bæ, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f hér í bænum, eftirtalda fjórtán víxla, er greinir undir stafliðunum A og B, samtals að nafnverði kr. 927.000,00, samþykkt af Gunnari Hall f. h. nefnds fyrirtækis, Ragnars Blöndals h/f, gegn 5% mánaðarvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með víxlasölu þessari að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

A. 1) Víxill, út gefinn 11. jan. 1954 af Gunnari Hall f. h. Nær-fataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábektur (framseldur) af Gunnari Hall persónulega með gjalddaga 11. apríl 1954, að fjárhæð kr. 55.000,00.

2) Víxill, út gefinn af Gunnari Hall (útgáfudags er eigi getið) með gjalddaga 8. ágúst 1954, að fjárhæð kr. 50.000,00.

3) Víxill, út gefinn 18. maí 1954 af Gunnari Hall með gjald-
daga 18. sept. 1954, að fjárhæð kr. 100.000,00.

4) Víxill, út gefinn 31. maí 1954 af Gunnari Hall með gjald-
daga 30. nóv. 1954, að fjárhæð kr. 100.000,00.

5) Víxill, út gefinn 1. júní 1954 af Gunnari Hall með gjald-
daga 4. sept. 1954, að fjárhæð kr. 60.000,00.

6) Víxill, út gefinn 19. júní 1954 af Gunnari Hall f. h. nefndr-
ar nærfataverksmiðju, Lillu h/f, og ábektur (framseldur) af
Gunnari Hall persónulega með gjalddaga 25. sept. 1954, að fjár-
hæð kr. 55.000,00.

7) Víxill, út gefinn 13. júlí 1954 af Gunnari Hall f. h. Nær-
fataverksmiðjunnar Lillu h/f með gjalddaga 10. okt. 1954, að
fjárhæð kr. 20.000,00.

8) Víxill, út gefinn 14. júlí 1954 af Gunnari Hall f. h. nefndr-
ar nærfataverksmiðju og ábektur (framseldur) af Gunnari Hall
persónulega með gjalddaga 14. okt. 1954, að fjárhæð kr. 65.000,00.

9) Víxill, út gefinn 4. sept. 1954 af Gunnari Hall með gjald-
daga 4. des. 1954, að fjárhæð kr. 60.000,00.

B. 1) Víxill, út gefinn 18. sept. 1954 af Gunnari Hall með
gjalddaga 18. des. 1954, að fjárhæð kr. 100.000,00.

2) Víxill, út gefinn 14. okt. 1954 af Gunnari Hall f. h. Nær-
fataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábektur (framseldur) af hon-
um persónulega með gjalddaga 14. jan. 1955, að fjárhæð kr.
65.000,00.

3) Víxill, út gefinn 4. des. 1954 af Gunnari Hall, með gjald-
daga 4. marz 1955, að fjárhæð kr. 60.000,00.

4) Víxill, út gefinn 6. des. 1954 af Gunnari Hall með gjald-
daga 6. marz 1955, að fjárhæð kr. 37.000,00.

5) Víxill, út gefinn af Gunnari Hall (útgáfudags er eigi get-
ið) með gjalddaga 15. apríl 1955, að fjárhæð kr. 100.000,00.

Að því er framangreint brot varðar, er málið til vara höfðað
gegn ákærða fyrir að hafa keypt af Gunnari Hall víxla þá, er
getur undir stafliðunum A og B, með 10% afföllum af víxlum til
þriggja mánaða og hlutfallslega hærri afföllum af víxlum til
lengri tíma, þannig að afföll voru 20% af sex mánaða víxlum.

Teljast brot þau, er undir þessum tölulið, 11, greinir, varða
við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, um bann við okri,
dráttarvexti o. fl.

12. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmda-
stjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 40.000,00 króna
víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f

og út gefinn af Gunnari Hall persónulega, með gjalddaga 15. des. 1954, gegn 5% mánaðarvöxtum af víxilfjárhæðinni, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall seldi víxil þennan til að útvega lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er brot þetta varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt nefndan 40.000,00 króna víxil af Gunnari Hall gegn allt að 20% afföllum af fjárhæð víxilsins.

Brot þau, er undir þessum tölulið, 12, greinir, teljast varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

13. Fyrri hluta árs 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 70.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefinn af Gunnari Hall persónulega, með gjalddaga 21. nóvember 1954, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með sölu víxils þessa að taka peningalán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Þetta brot telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Að því er þetta síðastnefnda brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á fyrri hluta árs 1954 sem milligöngumaður selt fyrir Gunnar Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, nefndan 70.000,00 króna víxil Hauki Heiðar bankafulltrúa, Tómasarhaga 27 hér í bæ, sem í kaupum þessum var milligöngumaður fyrir Jón Páls-son húsvörð, Hafnarstræti 14 hér í bænum, gegn 17½% afföllum af víxilfjárhæðinni, en þetta brot telst varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

14. Á árinu 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 125.000,00 króna víxil, sennilega til sex mánaða, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefinn af Gunnari Hall persónulega, með gjalddaga 15. jan. 1955, gegn 5% vöxtum af víxilfjárhæðinni miðað við mánuð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar var með sölu víxils þessa að útvega lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er brot þetta varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa á árinu 1954 keypt nefndan 125.000,00 króna víxil af Gunnari Hall gegn 12% vöxtum af víxilfjárhæðinni, þ. e. 10% afföllum og 2% þóknun.

Brot þau, er undir þessum tölulið, 14, greinir, teljast varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

15. Í október 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 100.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, út gefinn 12. okt. 1954 og með gjalddaga 12. apríl 1955, gegn allt að 5% mánaðarvöxtum af víxilfjárhæðinni, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með sölu víxils þessa að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Þetta brot telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Að því er þetta síðastnefnda brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa verið milligöngumaður um að selja víxil þennan í Iðnaðarbankanum h/f gegn venjulegum bankavöxtum auk allt að 10.000,00 króna aukagreiðslu, þóknunar frá Gunnari Hall, en formlega gekk frá sölu víxils þessa í bankanum Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson skrifstofumaður, Leifsgötu 4 hér í bæ.

Brot þetta telst varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

16. Síðla árs 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, 100.000,00 króna víxil, samþykktan af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefinn af Gunnari Hall persónulega 2. des. 1954, með gjalddaga 28. febr. 1955, gegn 5% mánaðarvöxtum af víxilfjárhæðinni, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með sölu víxils þessa að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er þetta brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt síðastnefndan 100.000,00 króna víxil af Gunnari Hall gegn 10% vöxtum af víxilfjárhæðinni miðað við þrjá mánuði.

Brot þau, er undir þessum tölulíð, 16, greinir, teljast varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

17. Síðla árs 1954 keypt af Gunnari Hall, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndals h/f, tvo víxla, samþykktu af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f og út gefna af honum persónulega, annan að fjárhæð kr. 50.000,00, út gefinn 8. nóv. 1954, með gjalddaga 8. febr. 1955, en hinn að fjárhæð kr. 40.000,00, út gefinn 18. des. 1954, með gjalddaga 18. febr. 1955, gegn allt að 5% mánaðarvöxtum af hvorri víxilfjárhæð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar Hall var með

sölu víxla þessara að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Þetta brot telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Að því er síðastnefnt brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa sem milligöngumaður selt fyrir Gunnar Hall síðastgreinda tvo víxla, að fjárhæð kr. 50.000,00 og kr. 40.000,00, Steini Jónssyni héraðsdómslögmanni, Skaftahlíð 11 hér í bæ, gegn 10% afföllum af hvorri víxilfjárhæð, auk þess sem ákærði tók í þóknun fyrir milligöngu þessa 2% af hvorri víxilfjárhæð.

Brot þetta telst varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Framangreind brot voru öll framin í Reykjavík.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. desember 1916 á Hellissandi. Hinn 19. febrúar 1947 var hann með réttarsátt sektaður um kr. 700,00 fyrir brot gegn 147. gr. hegningarlagna. Hinn 27. apríl 1953 var hann dæmdur í þriggja mánaða fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi og málflutningsleyfi fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 138. gr. hegningarlagna, og enn fremur fyrir brot gegn 106. gr., 1. mgr., og 218. gr. sömu laga. Öðrum refsingum hefur ákærði eigi sætt, svo að kunnugt sé.

Á fundi neðri deildar Alþingis hinn 24. marz 1955 var kosin 5 manna nefnd innandeildarmanna samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengist. Í nefndina voru kosnir þessir alþingismenn: Björn Ólafsson, Einar Ingimundarson, Gylfi Þ. Gíslason, Karl Guðjónsson og Skúli Guðmundsson.

Með bréfi, dagsettu 11. nóvember 1955, sendi nefndin dómsmálaráðherra greinargerð, byggða á frásögnum nokkurra lántakenda, um lánveitingar sjö tilgreindra manna, sem talið var, að lánað hefðu fé gegn óleyfilega háum vöxtum. Voru þar meðal annars raktar frásagnir þriggja manna, Þórhalls Sigurjónssonar, Guðjóns Einarssonar Long og Björgúlfs Stefánssonar, um lánveitingar ákærða, Brands Brynjólfssonar.

Nefndin gat þess í bréfi sínu, að upplýsingar þær, sem fram hefðu komið, gæfu tilefni til frekari rannsóknar á lánastarf-

semi þessara sjö manna, en þar sem nefndin hefði ekki sömu aðstöðu og rannsóknardómari til að upplýsa mál, teldi hún rétt, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að fram færi dómsrannsókn í málinu.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 14. nóvember 1955, lagði það fyrir sakadómara að hefja dómsrannsókn út af lána-starfsemi þeirra sjö manna, er ræðir um í fyrrnefndri greinargerð nefndarinnar.

Hófst dómsrannsókn hinn 21. nóvember sama ár, og var síðan að undangengnum úrskurði húsleit gerð að sakargögnum í híbýlum geindra 7 manna. Fundust nokkur sakargögn, meðal annars í skrifstofu ákærða, og hafa þau verið lögð fram í málinu.

Verður nú í töluliðum I—XVII rakið það, sem fram hefur komið í rannsókn málsins um ákæruatriðin á hendur ákærða.

I.

Í ársbyrjun 1953 hóf vitnið Ásgrímur Albertsson gullsmiður, Kársnesbraut 15, Kópavogi, rekstur verkstæðis í félagi við annan mann, og á sama ári festi það kaup á nefndri húseign, Kársnesbraut 15. Skorti vitnið af þessum ástæðum reiðufé. Vitnið hafði heyrt, að ákærði veitti mönnum lán, og sneri það sér til hans í því skyni að fá hjá honum lán. Veitti ákærði vitninu m. a. eftirtalin lán:

1. Fyrst veitti ákærði vitninu lán, að fjárhæð kr. 20.000,00, og samþykkti það víxil greindrar fjárhæðar til þriggja mánaða og með gjalddaga 18. marz 1954 fyrir láninu. Víxillinn var tryggður með veði í greindri húseign vitnisins samkvæmt tryggingarbréfi, dagsettu 18. desember 1953.

Vitnið kveðst hafa greitt ákærða í vexti, þóknun og kostnað vegna lánsins kr. 2.000,00, og hafi upphæðin verið dregin frá lánsfjárhæðinni. Mismuninn, kr. 18.000,00, hafi ákærði greitt þannig, að kr. 16.000,00 hafi það fengið í reiðufé, en kr. 2.000,00 í vefnaðarvöru og matvöru.

Vitnið kvaðst hafa fengið víxilinn framlengdan samtals í fjögur skipti á gjalddaga með því að samþykkja nýjan víxil til þriggja mánaða í hvert skipti. Vitnið man ekki, hvað það greiddi ákærða við fyrstu framlengingu, en minnir, að við aðra og þriðju framlengingu hafi það greitt honum 6% af víxilfjárhæðinni á mánuði og við þá fjórðu eitthvað lægra. Fjórði framlengingarvíxillinn hafi ekki verið framlengdur á gjalddaga í marz 1955, heldur verið óhreyfður fram í miðjan ágústmánuð það ár.

2. Þá veitti ákærði vitninu lán, að fjárhæð kr. 16.000,00, og mun það hafa verið veitt hinn 7. apríl 1954. Samþykkti vitnið víxil greindrar fjárhæðar til þriggja mánaða, þ. e. með gjalddaga 7. júlí 1954, og var víxillinn tryggður með veði í húseign vitnisins, Kársnesbraut 15. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða í vexti, þóknun og kostnað vegna lánsins um kr. 3.200,00, og hafi þær verið dregnar frá lánsfjárhæðinni. Mismuninn, um kr. 12.800,00, hafi ákærði greitt því í reiðufé.

Vitnið kveðst hafa fengið víxillinn framlengdan á gjalddaga hans með nýjum víxli til þriggja mánaða. Á miðju tímabili hans hafi hann að beiðni ákærða verið framlengdur með nýjum víxli til þriggja mánaða. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann út gefinn 21. ágúst og með gjalddaga 21. nóvember 1954. Þá kveður vitnið, að á gjalddaga hafi þessi víxill verið framlengdur með nýjum þriggja mánaða víxli, sem verið hafi óhreyfður fram í miðjan ágústmánuð 1955. Vitnið minnir, að það hafi greitt ákærða við fyrstu og aðra framlengingu 5% af víxilfjárhæðinni á mánuði, þ. e. í 4½ mánuð, en það man ekki, hvað það greiddi ákærða mikið við þriðju framlenginguna.

3. Vitnið kveðst hafa um miðjan ágúst 1954 gert upp áðurgreinda víxla, að fjárhæð kr. 20.000,00 og kr. 16.000,00, með þeim hætti, að það hafi greitt ákærða fjárhæð fyrri víxilsins út í reiðufé og samþykkt nýjan víxil, að fjárhæð kr. 20.000,00, með gjalddaga í byrjun október 1954. Víxill þessi hafi ekki verið tryggður með víxli í Kársnesbraut 15 eða annarri eign. Kr. 4.000,00 af víxilfjárhæðinni hafi verið vextir af fyrrgreindum 20 þúsund og 16 þúsund króna víxlum frá seinustu gjalddögum þeirra í febrúar og marz 1955 svo og vextir af nýja 20 þúsund króna víxlinum frá útgáfudegi til gjalddaga.

Þessi víxill hafi svo verið framlengdur á gjalddaga með því, að vitnið samþykkti nýjan víxil til þriggja mánaða. Sú framlenging hafi kostað kr. 2.000,00, en þar sem vitnið hafi ekki getað lagt þá upphæð út í reiðufé, hafi henni verið bætt við fjárhæð framlengingarvíxilsins og hann því verið hækkaður í kr. 22.000,00. Vitnið hafði ekki greitt víxil þenna hinn 17. janúar 1956, þó að hann væri þá nýfallinn í gjalddaga.

Ákærði hefur borið, að hann hafi veitt vitninu samtals þrjú lán. Vitnið hafi greitt honum af fyrsta láninu, að fjárhæð kr. 20.000,00, 7% ársvexti og kostnað vegna stimplunar skjala og þinglýsingar. Þessi upphæð hafi verið dregin frá lánsfjárhæð-

inni, og man hann ekki annað en vitnið hafi fengið allan mismuninn greiddan út í reiðufé. Víxillinn, sem vitnið samþykkti fyrir láninu, hafi verið framlengdur í 2—3 skipti, og hafi vitnið greitt ákærða fyrir hverja framlengingu 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni svo og stimpilkostnað víxla. Víxillinn hafi verið greiddur fyrir áramót 1954—1955.

Vitnið hafi greitt honum af öðru láninu, að fjárhæð kr. 16.000,00, 7% ársvexti og kostnað við gerð og stimplun skjala og þinglýsingu. Þessi upphæð hafi verið dregin frá lánsfjárhæðinni og vitnið fengið mismuninn greiddan út í reiðufé. Víxillinn, sem vitnið samþykkti fyrir láninu, hafi verið framlengdur í eitt skipti eða oftari, og hafi vitnið greitt honum fyrir hverja framlengingu 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni og stimpilkostnað víxla. Víxillinn hafi verið greiddur fyrir áramótin 1954—1955.

Þá kveðst ákærði hafa snemma á árinu 1955 veitt vitninu þriðja lánið, að fjárhæð kr. 20.000,00, og hafi vitnið samþykkt víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu. Til tryggingar hafi hann fengið veð í Kársnesbraut 15, og hafi gamla tryggingarbréfið fyrir fyrsta láninu, sömu fjárhæðar, verið notað. Vitnið hafi greitt 7% ársvexti af láninu svo og kostnað við gerð og stimplun víxilsins. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá víxilfjárhæðinni og vitnið fengið mismuninn greiddan í reiðufé. Víxill þessi hafi verið framlengdur með þriggja mánaða millibili fram til þess tíma, er ákærði var yfirheyrður um málið 24. janúar 1956, og hafi vitnið greitt fyrir hverja framlengingu 7% ársvexti af víxilfjárhæðinni og kostnað við stimplun víxla í reiðufé.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið drengskaparheit að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73 19. júní 1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin önnur gögn um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

II.

Fyrir nokkrum árum byggði vitnið Þórhallur Björn Sigurjónsson, verkamaður og smiður, Silfurtúni A 1, Garðahreppi, lítil timburhús til að selja þau síðan. Skorti vitnið reiðufé vegna þessara framkvæmda sinna og sneri sér síðla árs 1953 til ákærða

til að reyna að fá lán hjá honum. Kveður vitnið, að maður að nafni Margeir Jón Magnússon, verkamaður, Stýrimannastíg 9 hér í bæ, hafi verið búinn að segja því, að ákærði mundi geta útvegað því lán með 10% vöxtum í þrjá mánuði, en Margeir Jón hefur neitað því eindregið.

Vitnið hefur borið, að það hafi beðið ákærða um að útvega því 20 þúsund króna lán og ákærði sagzt mundu geta það, en lánskjörin væru 10% vextir til þriggja mánaða. Kveðst vitnið hafa gengið að þessu og samþykkt víxil, að fjárhæð kr. 23.000,00, fyrir láninu, út gefinn 30. október 1953, með gjalddaga 30. janúar 1954 og tryggðan með veði í húseign vitnisins, Silfurtúni A 1. Ákærði hafi þá um leið greitt vitninu 10—15 þúsund krónur og nokkrum sinnum síðar smáfjárhæðir, eða samtals kr. 20.000,00 í reiðufé.

Á gjalddaga kveðst vitnið hafa fengið víxillinn framlengdan með því að samþykkja nýjan þriggja mánaða víxil, þar sem 10% vöxtum í þrjá mánuði hafði verið bætt við fjárhæð fyrri víxilsins. Þessi víxill hafi síðan verið oft framlengdur til þriggja mánaða í senn. Stundum hafi vitnið greitt 10% vexti í þrjá mánuði út í reiðufé eða tékka, og þá hafi víxillinn verið framlengdur óbreyttur, en þegar vitnið hafi ekki getað gert það, hafi þeim verið bætt við víxilfjárhæðina. Vitnið kveðst ekki muna, hve oft víxillinn var framlengdur, en minnir, að það hafi greitt í um þrjú skipti vexti af honum, og það kveðst muna, að í eitt skipti greiddi það milli 3—4 þúsund krónur. Þá hafi það við seinustu framlengingu greitt ákærða kr. 10.000,00, en þá hafi fjárhæð víxilsins verið komin í 32—33 þúsund krónur.

Í þetta seinasta skipti hafi ákærði lækkað vextina úr 10% niður í 7% í þrjá mánuði. Ákærði hafi svo gengið að því til greiðslu víxilsins, og hafi það orðið að selja fyrrgreinda húseign sína til að geta staðið í skilum við hann, þ. e. greitt honum 27—28 þúsund krónur að meðtöldum kostnaði.

Ákærði hefur kannast við að hafa veitt vitninu umrætt lán, að fjárhæð kr. 23.000,00. Vitnið hafi geitt 7% ársvexti af láninu svo og kostnað við stimplun víxilsins og þinglýsingu tryggingarbréfsins og þóknun fyrir samningu þess samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Þessar upphæðir hafi verið dregnar frá víxilfjárhæðinni, en mismuninn hafi hann greitt vitninu að meginhluta þá strax, en máski að einhverjum hluta síðar.

Á gjalddaga hafi vitnið ekki getað greitt víxillinn, og eftir langan frest hafi orðið úr, að vitnið hafi fengið hann fram-

lengdan með því að samþykkja nýjan vixil til þriggja mánaða. Sá vixill hafi verið að nokkru hærri en sá eldri, þ. e. sem nam venjulegum innheimtulaunum af eldri vixlinum samkvæmt taxa L.M.F.Í., og 7% ársvöxtum og stimpilgjaldi af nýja vixlinum. Nýi vixillinn hafi svo lengi legið í vanskilum, en vitnið hafi þó greitt hann, þegar ákærði gekk að því.

Nokkru eftir að vitnið og ákærði höfðu borið framangreint í málinu, lagði vitnið fram tvo vixla, samþykktu af því. Er annar dagsettur 30. júní 1954 með gjalddaga 30. september sama ár, að fjárhæð kr. 29.130,00, en hinn án útgáfudags, en með gjalddaga 30. apríl (ár ótilgreint), að fjárhæð kr. 33.770,00. Kveður vitnið, að þetta séu hvort tveggja gamlir vixlar til framlengingar á fyrrnefndum 23 þúsund króna vixli. Sýni fjárhæðir þeirra, að hinn fyrrnefndi sé eldri en hinn, og dagsetningar þeirra, að framlengingarvixlar hafi einhvern tíma verið til tveggja mánaða.

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað efni beggja nefndra vixla, og kveður hann, að sá fyrirtaldi, að fjárhæð kr. 29.130,00, sé framlengingarvixill fyrrgreinds 23 þúsund króna vixils. Minnir hann, að til viðbótar innheimtulaunum af upphaflega vixlinum og 7% ársvöxtum af framlengingarvixlinum og stimpilgjaldi af honum hafi verið bætt við fjárhæð hans nokkurri upphæð, sem ákærði hafi lánað vitninu í sambandi við brúðkaup tveggja barna þess, en hann kveðst ekki geta tilgreint eða gizkað á, hve hátt lán þetta var. Þá kveður ákærði, að hinn vixillinn, að fjárhæð kr. 33.770,00, stafi frá allt öðrum viðskiptum hans og vitnisins. Hafi hann keypt vixilinn af því snemma á árinu 1955 með sömu kjörum og 23 þúsund króna vixilinn, þ. e. með 7% ársvöxtum auk stimpilkostnaðar. Þessar upphæðir hafi verið dregnar frá vixilfjárhæðinni, og mismuninn hafi hann greitt vitninu í reiðufé. Gjalddagi vixils þessa hafi átt að vera 30. apríl 1955, og hafi vitnið greitt hann þá að fullu.

Vitnið rekur ekki minni til, að einhver hluti af fyrri vixlinum, að fjárhæð kr. 29.130,00, hafi verið lán, er ákærði hafi veitt því í sambandi við brúðkaup barna þess um jólin 1953 eða af öðrum ástæðum, og staðhæfir, að seinni vixillinn, að fjárhæð kr. 33.770,00, sé einn af framlengingarvixlum hins margnefnda 23 þúsund króna vixils.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af tryggingarbréfi fyrrgreinds 23 þúsund króna vixils, og er það dagsett 30. októ-

ber, sem er í samræmi við framburð vitnisins Þórhalls Sigurjónssonar. Víxillinn hefur einnig verið út gefinn þann dag, og er það meira en tveimur árum áður en dómsrannsókn þessa máls hófst. Er því sök varðandi lánskjör þessa frumvíxils fyrnd samkvæmt 81. gr., 1. tölulið, almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, per analogiam.

Ákærði hefur viðurkennt, að fyrrnefndur víxill, að fjárhæð kr. 29.130,00, sé framlengingarvíxill 23 þúsund króna víxilsins, og hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að bætt hafi verið við fjárhæð hans öðru láni, eins og ákærða hefur minnt. Þá hefur ekkert það komið fram í málinu, sem styðji þá staðhæfingu ákærða, að hinn víxillinn, að fjárhæð kr. 33.770,00, stafi frá öðrum viðskiptum ákærða og vitnisins Þórhalls, enda alveg óupplýst, að þeir hafi nokkru sinni átt í öðrum viðskiptum slíkra fjárhæða. Dómurinn verður því að líta svo á, að nefndir víxlar, að fjárhæð kr. 29.130,00 og kr. 33.770,00, séu báðir framlengingarvíxlar 23 þúsund króna víxilsins, eins og vitnið Þórhallur hefur haldið fram, og verður þá einnig að leggja framburð vitnisins um framlengingarkjör víxilsins til grundvallar í málinu.

Samkvæmt því hefur ákærði að minnsta kosti tekið í vexti 1) af víxli, að fjárhæð kr. 23.000,00, frá 30. janúar 1954 til 30. júní 1954 10% á þremur mánuðum, þ. e. kr. 3.833,33, 2) af víxli, að fjárhæð kr. 29.130,00, frá 30. júní 1954 til 30. janúar 1955 10% á þremur mánuðum, þ. e. kr. 6.797,00, og 3) af víxli, að fjárhæð kr. 29.130,00, frá 30. janúar 1955 til 30. apríl 1955, 7% á þremur mánuðum, þ. e. kr. 2.039,10, eða samtals kr. 12.669,43, en var leyfilegt að taka samtals kr. 2.012,50. Mismunurinn er kr. 10.656,93.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 75 25. nóvember 1952, um breyting á þeim lögum, sbr. 6. gr., 2. mgr., nefndra laga, nr. 73 19. júní 1933.

III.

Seinni hluta árs 1953 vanhagaði vitnið Georg Pálsson kyndara, Skipasundi 55 hér í bæ, um kr. 10.000,00. Talaði vitnið fyrst við kunningja sinn um málið og sneri sér síðan til ákærða, og lánaði hann því fjárhæð þessa. Samþykkti vitnið víxil, að fjárhæð kr. 10.000,00, til þriggja mánaða fyrir láninu, og var hann tryggður með veði í húseign vitnisins, Skipasundi 55.

Vitnið hefur borið, að það hafi fengið aðeins um kr. 9.000,00 greiddar út af lánsfjárhæðinni, en mismunurinn, um kr. 1.000,00, hafi verið vextir, sem ákærði hafi tekið af lánsfjárhæðinni, svo og þóknun og kostnaður.

Ákærði kveður, að vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu og enn fremur kostnað við gerð og stimplun skjala og þinglýsingu tryggingarbréfs. Man hann ekki, hve mikilli upphæð þetta nam samtals, en segir, að það hafi alltaf verið innan við kr. 1.000,00. Upphæðin hafi verið dregin frá víxilfjárhæðinni, og hafi vitnið fengið mismuninn greiddan í reiðufé.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og vitnisins þrátt fyrir samprófun þeirra, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

IV.

Líklega í aprílmánuði árið 1953 stofnsetti vitnið Guðjón Ólafsson iðnaðarmaður, Víðimel 60 hér í bæ, sælgætisgerðina Sóló að Vitastíg 3. Vitnið skorti rekstrarfé, og fyrri hluta árs 1954 auglýsti það í dagblaði, að maður, sem gæti lagt fé í sælgætisgerð, ætti kost á því að fá atvinnu við hana og jafnvel gerast meðeigandi að henni.

Vitnið Guðjón Einarsson Long prentari, Álfhólsvegi 52, Kópavogi, sá auglýsinguna og sneri sér út af henni til vitnisins Guðjóns Ólafssonar og tjáði því, að það vildi gerast meðeigandi í sælgætisgerðinni. Kvaðst vitnið Guðjón Long ekki hafa reiðufé, en eiga tvö skuldabréf, hvort að fjárhæð kr. 50.000,00, með veði í húsinu nr. 19 við Kirkjuteig hér í bæ. Bréfin voru út gefin af Guðjóni Þorsteinssyni, Laugateigi 26 hér í bæ, hinn 1. október 1953. Var vitnið Guðjón Long fúst til að leggja fram annað þessara bréfa sem framlag til sælgætisgerðarinnar. Reyndu vitnin síðan að fá lán út á annað bréfið hjá váttryggingarfélagi einu, en það bar ekki árangur. Þá var ekki heldur unnt að fá lán út á bréfið í lánsstofnun.

Það varð því úr, að vitnið Guðjón Ólafsson ákvað að reyna að fá lán út á annað bréfið eða bæði hjá ákærða, en vitnið hafði

heyrð því fleygt, að hann útvegaði mönnum stundum fé, að vísu með háum vöxtum. Sýndi það ákærða afrit af veðskuldabréfunum tveimur, og kvaðst hann vera reiðubúinn að veita því lán, að fjárhæð ca. kr. 50.000,00, út á bréfin.

Vitnið Guðjón hefur borið það, að ákærði hafi krafizt þess, að vextir af láninu væru 5% á mánuði. Hafi því fundizt þetta vera mjög slæm vaxtakjör, en talið, að ekki væri um annað að gera en taka þeim til að tryggja rekstur sælgætisgerðarinnar. Skýrði vitnið Guðjón svo vitninu Guðjóni Long frá samtali sínu við ákærða. Kveður vitnið Guðjón Long, að vitnið Guðjón Ólafsson hafi sagt því, að ákærði krefðist þess að fá 15% í vexti af lánsfjárhæðinni, en tók ekki fram, í hve langan tíma, svo og að fá 3% í þóknun af víxilfjárhæðinni. Þessar upphæðir ættu að bætast ofan á lánsfjárhæðina, sem mundi því nema a. m. k. kr. 56.000,00. Þá yrði að setja bæði veðskuldabréfin að veði fyrir láninu. Samþykkti vitnið Guðjón Long að taka lánstilboði ákærða.

Vitnin Guðjón Long og Guðjón Ólafsson fóru því næst á skrifstofu ákærða og gengu frá láninu. Samþykkti vitnið Guðjón Ólafsson víxil, út gefinn 8. febrúar 1954, með gjalddaga 8. maí sama ár, að fjárhæð kr. 56.000,00, og var vitnið Guðjón Long útgefandi hans. Til tryggingar greiðslu víxilsins fékk ákærði fyrrgreind tvö veðskuldabréf.

Vitnið Guðjón Ólafsson hefur borið það, að ákærði hafi tekið 5% vexti á mánuði af víxilfjárhæðinni svo og 2—3% í þóknun, og hafi þessar upphæðir verið dregnar frá lánsfjárhæðinni í útborgun til þess. Einnig hafi verið dregin frá henni krafa, að fjárhæð kr. 1.200,00, sem Jóhann Steinason lögfræðingur hafði til innheimtu á vitnið. Kveðst vitnið Guðjón ekki hafa í þetta skipti fengið meira en kr. 45.000,00 greiddar út í reiðufé. Hafi ákærði tekið fram, að hann hefði þá ekki alveg tiltæka alla lánsupphæðina, og hafi hann afhent því sýningarvíxil, að fjárhæð 2—3 þúsund krónur, fyrir því, sem á vantaði. Ákærði hafi beðið vitnið að koma til sín síðar um daginn til að sækja þessa upphæð, og kveðst vitnið hafa fengið hana í hendur nokkrum dögum síðar. Vitnið segir, að nefndur víxill, að fjárhæð kr. 56.000,00, hafi verið ritaðar á skrifstofu ákærða við þetta tækifæri, og hafi vitnið Guðjón Long þá einnig verið þar viðstatt og afhent ákærða tryggingarbréfin tvö. Ákærði hafi svo, þegar kom að því að greiða út lánið, farið fram á, að vitnið Guðjón Long færi út úr herberginu og út á gang augnablik á meðan, og gerði

vitnið það. Vitnið Guðjón Ólafsson kveður því, að vitnið Guðjón Long muni ekki hafa séð ákærða taka fram eða afhenda því peninga. Vitnið Guðjón Long hafi svo komið aftur inn í skrifstofuna, og hafi peningarnir þá verið þar enn á borði, og muni það ef til vill hafa séð ákærða rita sýningarvixilinn.

Vitnið Guðjón Long hefur borið það, að þegar það og vitnið Guðjón Ólafsson hafi verið nýkomin inn í skrifstofu ákærða, hafi hann beðið það um að fara snöggvast út, því að hann þyrfti að tala við vitnið Guðjón Ólafsson einslega, og hafi vitnið gert það. Vitnið hafi svo komið aftur inn í skrifstofuna og ritað nafn sitt á 56 þúsund króna vixilinn og afhent ákærða veðskulda-bréfin tvö gegn kvittun, sem hann ritaði og afhenti því. Þá kveðst vitnið hafa séð ákærða leggja peningafúlgú á borðið, og hafi vitnið Guðjón Ólafsson talið peningana, en vitnið ekki, og því geti það ekki sagt um, hve upphæðin var há. Ákærði hafi sagt, að nokkur þúsund vantaði á upphæðina, og hafi hann ritað eitthvað á miða, sem hann afhenti vitninu Guðjóni Ólafssyni, og hafi vitnið (Guðjón Long) gengið út frá því, að þetta væri viðurkenning fyrir þeim peningum, sem á vantaði. Ákærði hafi beðið vitnið Guðjón Ólafsson að koma til sín síðar um daginn til að sækja afganginn, og kvaðst vitnið mundu gera það. Vitnið Guðjón Long kveðst svo hafa fylgzt með vitninu Guðjóni Ólafssyni út úr skrifstofu ákærða, þegar búíð var að ganga frá viðskiptunum. Litlu síðar hafi vitnið Guðjón Ólafsson skýrt því frá, að ákærði hafi afhent því þá peninga, sem vantað hafi á lánsfjárhæðina.

Ákærði hefur neitað því eindregið, að hann hafi í samtali hans og vitnisins Guðjóns Ólafssonar áskilið sér 5% vexti á mánuði af vixilfjárhæðinni. Kveðst hann hafa tekið 7% ársvexti af vixilfjárhæðinni auk stimpilkostnaðar, 2,4 pro mille af fjárhæð vixilsins. Þessar upphæðir hafi verið dregnar frá vixilfjárhæðinni svo og innheimta, sem hann hafi haft með höndum á vitnið Guðjón Ólafsson. Heldur ákærði, að hún hafi verið yfir kr. 1.500,00, en man ekki með vissu upphæð hennar, og vera megi, að hún hafi verið frá Jóhanni Steinasyni lögfræðingi. Mismuninn á þessum upphæðum þremur og vixilfjárhæðinni hafi hann greitt vitninu Guðjóni Ólafssyni þá þegar nema, að því er hann minnr, einhvern hluta, sem hann hafi gefið vitninu skuldarviðurkenningu fyrir og greitt því nokkrum dögum síðar.

Ákærði skýrir svo frá, að vitnið Guðjón Ólafsson og hann hafi verið einir, þegar gengið hafi verið frá láninu. Vitnið hafi

reyndar komið með öðrum manni, sem ákærði komst síðan að, að væri vitnið Guðjón Long. Kveðst ákærði hafa beðið vitnið Guðjón Long um að bíða frammi á ganginum, á meðan vitnið Guðjón Ólafsson talaði við hann, og hafi vitnið Guðjón Long orðið við því. Hafi ákærði gert það vegna þess, að viðskipti hans og vitnisins Guðjóns Ólafssonar hafi verið einkamál þeirra. Ákærða minnir, að vitnið Guðjón Ólafsson hafi afhent honum 56 þúsund króna víxillinn fullgerðan, svo og veðskuldabréfin tvö. Segir ákærði, að það sé áreiðanlegt, að vitnið Guðjón Long hafi ekki verið inni í skrifstofunni, þegar hann afhenti vitninu peningana eða meðan þeir voru að ganga frá viðskiptunum. Vitnið Guðjón Long hafi viljað fá að vera inni í skrifstofunni, en ákærði hafi ekki viljað það, og hafi orðið smárimma milli þeirra um þetta, unz vitnið Guðjón Long hafi farið út fyrir. Þegar svo hann og vitnið Guðjón Ólafsson hafi verið búnir að ganga frá viðskiptunum og vitnið verið að kveðja hann, hafi vitnið Guðjón Long komið aftur inn í skrifstofuna, en ekki fyrr.

Vitnið Guðjón Long hefur lagt fram í málinu ljósmynd af kvittun þeirri, sem ákærði afhenti því, um leið og hann tók við veðskuldabréfunum tveimur. Segir í kvittuninni berum orðum, að ákærði hafi tekið við bréfunum af Guðjóni Einarssyni, Kirkju-
teigi 19, til tryggingar greiðslu umrædds 56 þúsund króna víxils. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað kvittunina, en hefur þó haldið við það, að vitnið Guðjón Ólafsson hafi afhent honum bréfin.

Vitnið Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður, Skálholti við Kaplaskjólsvæg, hefur borið það, að það hafi komið fyrir, að ákærði hafi fengið það til að innheimta kröfur fyrir hann. Minn-
ist vitnið þess, að einhvern tíma um veturinn 1954—1955 hafi ákærði afhent því til innheimtu víxil, sem vitnið Guðjón Ólafsson eða efnagerð hans hafi verið samþykkjandi að. Vitnið man ekki, hve hár víxillinn var eða hvert innihald hans var að öðru leyti. Vitnið kveðst hafa talað við vitnið Guðjón um víxilskuldina og víxillinn síðan legið hjá því í nokkurn tíma, en svo hafi ákærði komið til þess og skýrt því frá, að vitnið Guðjón væri búinn að semja við hann um skuldina. Hafi ákærði þá fengið víxillinn afhentan. Samprófun ákærða og vitnanna Guðjóns Ólafssonar og Guðjóns Longs hefur ekki leitt til frekara samræmis, og hafa vitnin unnið eið að framburði sínum. Framburðir vitnanna Guðjóns Ólafssonar og Guðjóns Einarssonar Longs svo og málavextir, eins og þeir hafa hér að framan verið raktir,

þykja veita, þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast, næga sönnun fyrir því, að hann hafi veitt 50 þúsund króna lán gegn 56 þúsund króna vixli til þriggja mánaða, tryggðum með veði í fasteign. Hafa vextirnir samkvæmt þessu verið 6.000,00 kr. í þrjá mánuði, en leyfilegir 7% vextir eigi nema kr. 980,00. Mismunur er kr. 5.020,00.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. 1. gr. laga nr. 75 25. nóvember 1952, um breyting á þeim lögum, sbr. 6. gr., 2. mgr., nefndra laga, nr. 73/1933. Að vísu hefur í ákæruskjali láðst að taka fram, við hvaða refsíákvæði nefnt atferli ákærða er talið varða, en samkvæmt 118. gr., 3. mgr., laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála per analogiam, þykir mega dæma ákærða eftir fyrrgreindum laga-
boðum.

V.

Vitnið Jóhannes Sæmundur Pálsson rafvirki, Hringbraut 86, Keflavík, hefur borið það, að fyrri hluta árs 1954 hafi það reynt án árangurs að selja tvo víxla til þriggja mánaða, hvorn að fjárhæð kr. 15.000,00, í bönkum hér í bænum. Var vitnið samþykkjandi beggja víxlanna, en fyrirtækið Pólar h/f útgefandi annars og fyrirtækið Erlendur Blandon & Co. h/f útgefandi hins víxilsins. Víxlarnir hafa ekki verið lagðir fram í málinu, og er ekki vitað um útgáfudag eða gjalddaga þeirra. Vitnið kannaðist við ákærða og sneri sér til hans og spurði hann að því, hvort hann vildi kaupa víxlana. Varð úr, að ákærði keypti þá báða.

Vitnið kveður, að ákærði hafi greitt því kr. 12.750,00 í reiðufé fyrir hvorn víxil, en tekið kr. 2.250,00 af hvorum víxli í vexti, þóknun og kostnað. Ákærði hefur hins vegar borið það, að hann hafi keypt víxlana á nafnverði þeirra, en að frádregnum 8% ársvöxtum af fjárhæðum víxlanna og kostnaði við stimplun þeirra. Mismuninn hafi hann greitt vitninu í reiðufé.

Vitnið greiddi báða víxlana á gjalddaga þeirra.

Vitnið var ekki heitfest vegna hæstaréttardóms 29. janúar 1948.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast, enda hefur ekki verið talið rétt að heitfesta vitnið Jóhannes Sæmund. Ber því að sýkna ákærða af ákæru þessa liðar.

VI.

Árið 1951 var skóverzlun Björgúlfs Stefánssonar að Laugavegi 22 hér í bæ breytt í hlutafélag og nefnd Skóverzlun B. Stefánssonar h/f. Varð sonur Björgúlfs, vitnið Björgúlfur Stefánsson kaupmaður, Blönduhlíð 10 hér í bæ, framkvæmdastjóri félagsins og gegndi því starfi þar til seinni hluta árs 1955. Félagið skorti mjög rekstrarfé, og stafaði það að nokkru af því, að fé hafði verið tekið úr rekstri verzlunarinnar í húsbýggingar, áður en henni var breytt í hlutafélag. Varð þetta til þess, að vitnið sá sér ekki annan kost en taka lán f. h. félagsins og í þágu þess, og þar sem ekki var hægt að fá nægjanlegt lán í lánsstofnunum, neyddist vitnið til að leita til einstaklinga. Veittu þeir vitninu nokkur lán, m. a. ákærði. Hefur vitnið borið, að ákærði hafi veitt félaginu eftirtalin lán, sem ákært hefur verið út af í málinu:

1. Í júní 1954 hafi ákærði veitt því lán, að fjárhæð kr. 40.000,00. Hafi það samþykkt f. h. félagsins víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu. Vextir hafi verið 4% á mánuði af víxilfjárhæðinni og dregnir frá henni þannig, að vitnið hafi fengið kr. 35.200,00 greiddar út í reiðufé af lánsfjárhæðinni.

2. Í júlí 1954 hafi ákærði veitt því f. h. félagsins annað lán, að fjárhæð kr. 40.000,00. Hafi það f. h. félagsins samþykkt víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu, en vitnið persónulega hafi verið útgefandi víxilsins. Vextir hafi verið 4% eða 5% á mánuði af víxilfjárhæðinni og dregnir frá henni þannig, að vitnið hafi fengið aðeins kr. 34.000,00 eða kr. 35.200,00 greiddar út í reiðufé af lánsfjárhæðinni.

3. Í september 1954 hafi ákærði veitt því f. h. félagsins hið þriðja lán, að fjárhæð kr. 60.000,00. Hafi það samþykkt f. h. félagsins víxil þeirrar fjárhæðar til þriggja mánaða fyrir láninu, en vitnið persónulega hafi verið útgefandi víxilsins. Vextir hafi verið 4% á mánuði af víxilfjárhæðinni og dregnir frá henni þannig, að vitnið hafi fengið kr. 52.800,00 greiddar út í reiðufé af lánsfjárhæðinni.

4. Vitnið heldur því fram, að þegar 40 þúsund króna víxillinn, sem um ræðir í 1. lið, hafi fallið í gjalddaga í september 1954, hafi hann verið látinn liggja óhreyfður þar til hinn 40 þúsund króna víxillinn, sem ræðir um í 2. lið, var fallinn í gjalddaga um mánuði síðar. Þá hafi vitninu og ákærða komið saman um að gefa út nýjan víxil til þriggja eða fjögurra mánaða, að fjárhæð kr. 80.000,00, í stað fyrrgreindra tveggja víxla, hvors að fjárhæð kr. 40.000,00. Vitnið hafi verið samþykkjandi nýja víxilsins

f. h. margnefnds félags, en sjálft persónulega útgefandi hans. Vextir hafi verið 4% á mánuði, og hafi vitnið greitt ákærða þá í reiðufé, um kr. 10.800,00 eða kr. 12.800,00, við nafnritun á hinn nýja víxil.

5. Í desember 1954 hafi vitnið og ákærði orðið ásáttir um að framlengja 60 þúsund króna víxilinn, sem um ræðir í 3. lið. Hafi vitnið samþykkt f. h. félagsins nýjan víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 60.000,00, og verið sjálft persónulega útgefandi hans. Vextir af víxlinum hafi verið 4% á mánuði, m. ö. o. kr. 7.200,00, og hafi vitnið greitt ákærða fjárhæðina við undirritun víxilsins. Víxil þenna svo og 80 þúsund króna víxilinn, sem um ræðir í 4. lið, hafi vitnið svo greitt með láni, sem það hafi fengið í Iðnaðarbankanum h/f.

6. Þá kveður vitnið, að ákærði hafi skuldbundið sig til að útvega innlag í Iðnaðarbankann, að fjárhæð kr. 100.000,00, til ráðstöfunar fyrir Skóverzlun B. Stefánssonar h/f. Ákærði hafi áskilið sér 14% ársvexti af láninu, þ. e. kr. 7.000,00 á 6 mánaða fresti. Þetta innlag hafi félagið aldrei fengið til ráðstöfunar.

Vitnið hefur framangreindu til sönnunar lagt fram í málinu skjal, dags. 25. nóvember 1954, undirritað af því og ákærða, svo hljóðandi:

„Það hefur orðið að samkomulagi, að Skóverzlun B. Stefánssonar h/f samþ. víxil, að upphæð kr. 80.000,00, og afhendi hann Brandi Brynjólfssyni. Til tryggingar þessum víxli afhendir Brandur Brynjólfsson Björgúlfi Stefánssyni víxil sömu upphæðar með sama gjalddaga, sem ábyrgðarmaður er á Hjörtur Hjartarson, Bankastræti 11, Rvík. Þá útvegar Brandur Brynjólfsson innlag í Iðnaðarbankann, kr. 100.000,00, — hundrað þúsund krónur, — sem bundið verður í eitt ár gegn 14% greiðslu, og greiðist 7 þúsund krónur á 6 mán. fresti. Innlag þetta er til ráðstöfunar fyrir Skóverzl. B. Stefánssonar.“

7. Loks kveður vitnið, að í kringum áramótin 1954—1955 hafi það samþykkt f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 34.000,00, en útgefandi hans hafi gerzt maður að nafni Ragnar Ingólfsson. Vitnið hafi afhent ákærða víxilinn til að reyna að selja hann í Iðnaðarbankanum h/f. Bankinn hafi keypt víxilinn eftir um mánaðartíma. Ákærði hafi tekið kr. 2.500,00 í vexti og afföll af víxilfjárhæðinni, en greitt því út kr. 27.300,00 í reiðufé og kr. 4.200,00 í tékka, sem gefinn hafi verið út af Magnúsi Guðmundssyni verzlunarstjóra. Innstæða hafi eigi reynzt vera til fyrir tékkanum, og hafi vitnið þá afhent hann

aftur til ákærða, sem gefið hafi vitninu viðurkenningu fyrir því að skulda því tékkafjánhæðina, en hana hafi vitnið ekki fengið greidda.

Verður nú rakinn framburður ákærða í málinu.

1. Ákærði kveðst hafa á miðju ári 1954 keypt af vitninu Björg-úlfi Stefánssyni víxil, samþykktan af vitninu f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f, út gefinn af vitninu persónulega til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 30.000,00 til kr. 40.000,00. Minnir ákærða, að gjalddagi víxilsins hafi verið í nóvember 1954. Ákærði kveðst hafa tekið 7% ársvexti af víxilfjánhæðinni auk venjulegs stimpilgjalds af víxlinum, og að þessum upphæðum frádragnum hafi hann greitt vitninu út fulla fjárhæð víxilsins í reiðufé. Vitnið hafi greitt víxilinn á gjalddaga hans.

2.—5. Ákærði kveðst hafa snemma á árinu 1955 keypt af vitninu með um hálf mánaðar millibili tvo víxla, samþykktu af vitninu f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f, út gefna af vitninu persónulega til þriggja mánaða. Hafi fyrri víxillinn verið að fjárhæð kr. 80.000,00, en sá seinni, að fjárhæð kr. 60.000,00, og minnir hann, að gjalddagar þeirra hafi verið í apríl eða maímánuði 1955. Ákærði kveðst hafa tekið 7% ársvexti af víxilfjánhæðunum auk venjulegs stimpilgjalds af víxlunum, og að þessum upphæðum frádragnum hafi hann greitt vitninu út fullar fjárhæðir víxlanna í reiðufé. Á gjalddaga hafi víxlarnir hvorki verið greiddir né framlengdir og séu þeir enn ógreiddir (2. des. 1955).

6. Ákærði hefur staðfest nafnritun sína undir fyrrgreint skjal, dags. 25. nóvember 1954, svo og efni þess. Kveður hann, að eins og skjalið sýni, hafi hann og vitnið komið sér saman um, að vitnið samþykkti f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f víxil, að fjárhæð kr. 80.000,00, og afhenti hann ákærða til frjálsrar ráðstöfunar. Þetta hafi vitnið gert. Til tryggingar þessum víxli skyldi ákærði afhenda vitninu víxil sömu fjárhæðar og með sama gjalddaga, sem Hjörtur Hjartarson væri ábyrgðarmaður á. Þessi víxill hafi aldrei verið gerður, og hafi ákærði heldur aldrei talað við Hjört um málið. Í staðinn hafi vitnið samþykkt og fengið aðrar tryggingar, þ. e. handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 90.000,00, út gefið af einum eiganda húseignarinnar Ásvallagötu 6 hér í bæ og tryggt með veði í hluta þeirrar eignar, svo og víxil, samþykktan af Valdimar Björnssyni, Keflavík, að fjárhæð kr. 50.000,00. Þá hafi falizt í samkomulagi ákærða og vitnisins, að hann útvegaði Skóverzlun B. Stefánssonar h/f innlag í Iðnaðarbankann h/f, að fjárhæð kr. 100.000,00, sem bundið yrði í eitt ár, gegn því, að vitn-

ið greiddi kr. 14.000,00 til innlagseigandans fyrir innlagið. Félagið hafi átt að hafa innlagið þannig til ráðstöfunar, að það gæti í sambandi við beiðni um sölu á víxlum í bankanum talið, að innlagið væri á þess vegum. Greindar kr. 14.000,00 hafi átt að greiðast með kr. 7.000,00 í tvö skipti með 6 mánaða millibili. Vitnið hafi ekki greitt þessa þóknun, og því hafi innlagið aldrei orðið að veruleika.

7. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi tekið kr. 2.500,00 í vexti og afföll af víxli þeim, að fjárhæð kr. 34.000,00, sem um ræðir í framburði vitnisins Björgúlfs Stefánssonar. Kveðst hann aldrei hafa keypt víxil þenna, heldur selt hann fyrir vitnið í Iðnaðarbankanum h/f á nafnverði hans að frádregnum venjulegum bankakostnaði. Söluverðið hafi hann afhent vitninu að frádreginni 2% þóknun af víxilfjárhæðinni, sem hann hafi fengið fyrir viðvikið, og man hann ekki sérstaklega eftir því að hafa greitt vitninu hluta af söluverðinu með tékka.

Ákærði hefur staðhæft, að alla þá víxla, sem hann keypti samkvæmt framansögðu af vitninu Björgúlfi Stefánssyni, hafi hann keypt af því persónulega, en ekki af vitninu f. h. Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f, m. ö. o., að hann hafi ekki keypt víxlana af samþykkjanda, heldur af ábeking þeirra.

Vitnið Björgúlfur Stefánsson kveður, að það sé rétt, að það hafi ekki greitt þóknun þá fyrir innlagið, sem um ræðir í niðurlagi fyrrgreinds skjals, dags. 25. nóvember 1954, og hafi ástæðan verið sú, að það hafi aldrei fengið í hendur andvirði tveggja víxla, sem seldir hafi verið í Iðnaðarbankanum h/f og það hafi átt að fá samkvæmt samkomulagi þess og ákærða, heldur hafi hann tekið andvirðið til eigin ráðstöfunar.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Samkvæmt „obligó“ Skóverzlunar B. Stefánssonar h/f í Iðnaðarbankanum h/f hefur bankinn hinn 18. janúar 1955 keypt víxil, samþykktan af félaginu, út gefinn og ábektan af Ragnari Ingólfssyni, með gjalddaga 1. apríl 1955, að fjárhæð kr. 34.000,00. Víxillinn var greiddur 2. apríl 1955.

Nægileg sönnun þykir vera fram komin fyrir því með framburði vitnisins Björgúlfs Stefánssonar svo og sjálfu orðalagi fyrrgreinds skjals, dags. 25. nóvember 1954, að ákærði áskildi sér 14% ársvexti af innlagi, að fjárhæð kr. 100.000,00, sem hann lofaði að leggja inn í Iðnaðarbankann h/f til ráðstöfunar fyrir Skóverzlun B. Stefánssonar h/f, en þar sem innlag þetta var

aldrei til ráðstöfunar fyrir fyrirtækið, er hér aðeins um tilrauna-
verknað að ræða, sem er refsilaus.

Dómurinn verður að öðru leyti að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessum ákærulið, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

VII.

Árið 1954 var vitnið Sigurður Torfi Magnússon verzl., Hlunnavogi 10 hér í bæ, að reisa nefnt hús, nr. 10 við Hlunnavog, og skorti það fé til byggingarframkvæmdanna. Vitnið las í auglýsingu í dagblaði, að ákærði ræki verðbréfaviðskipti, og talaði það við hann í skrifstofu hans og spurði hann að því, hvort hann gæti útvegað því 50 þúsund króna lán gegn veði í nefndu húsi. Ákærði kvaðst vilja athuga málið, og þegar vitnið kom til hans skömmu síðar, kvaðst hann geta veitt því lánið. Samþykkti vitnið víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 50.000,00, fyrir láninu. Víxillinn var dagsettur 6. október 1954 með gjalddaga 6. janúar 1955 og tryggður með veði í greindri húseign vitnisins að Hlunnavogi 10.

Vitnið hefur borið, að það hafi fengið aðeins kr. 44.000,00 greiddar út af víxilfjárhæðinni, en mismunurinn, kr. 6.000,00, hafi verið vextir og kostnaður, sem ákærði hafi tekið. Víxillinn hafi svo verið framlengdur tvisvar sinnum til þriggja mánaða í hvort skipti með nýjum víxli, og hafi vitnið orðið að greiða ákærða fyrir hvora framlengingu kr. 6.000,00 í vexti og þóknun auk einhvers smávægilegs innheimtukostnaðar, þegar það greiddi fyrir seinni framlengingu víxilsins.

Ákærði hefur hins vegar borið það, að vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu og 2% víxilfjárhæðarinnar í þóknun auk kostnaðar við gerð og stimplun skjala og þinglýsingarkostnaðar. Víxillán þetta hafi líklega verið framlengt tvisvar sinnum með nýjum víxlum til þriggja mánaða í hvort skipti. Vitnið hafi greitt honum fyrir hvora framlengingu 7% ársvexti, 2% í þóknun, og enn fremur minnir hann, að vitnið hafi greitt innheimtukostnað í samræmi við taxa lögfræðinga af seinni framlengingarvíxlinum.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í

heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

VIII.

Árið 1954 skorti vitnið Björn Steindórsson bifreiðarstjóra, Klöpp, Seltjarnarnesi, reiðufé vegna húsbýggingar þess. Vitnið hafði heyrt utan að sér, að ákærði veitti mönnum lán, og sneri hann sér til hans í því skyni að fá lán hjá honum. Veitti ákærði honum tvö lán, að fjárhæð kr. 40.000,00 og að fjárhæð kr. 20.000,00. Ákært hefur verið aðeins út af fyrrnefnda láninu. Vitnið samþykkti víxil til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 40.000,00, fyrir því láni. Hefur víxillinn verið dagsettur 6. ágúst 1954, og var gjalddagi hans 6. nóvember sama ár, og tryggður var hann með veði í húseign vitnisins að Skipasundi 86 hér í bæ.

Í fyrstu minnti vitnið, að ákærði hefði tekið í vexti og kostnað 10% af víxilfjárhæðinni, og skildist því, að upphæðin væri miðuð við heilt ár, en síðar við samprófun þess og ákærða skildist því, að upphæðin væri miðuð við hálf ár. Vitnið kveðst ekki muna, hve upphæðin var há, en hún hafi verið dregin frá víxilfjárhæðinni og vitnið fengið mismuninn greiddan út að nokkru í reiðufé og að nokkru í tékka. Vitnið man ekki, hve háa fjárhæð það fékk útborgaða.

Ákærði hefur hins vegar borið það, að vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu auk kostnaðar við gerð og stimplun skjala og við þinglýsingu tryggingarbréfs. Hann kveðst ekki muna, hve þetta nam hárrí upphæð samtals, en hún hafi verið dregin frá lánsfjárhæðinni, og mismuninn hafi hann greitt vitninu út að nokkru í reiðufé og að nokkru í tékka.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og vitnisins, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Dómurinn verður að telja, að enda þótt litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin önnur gögn um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

IX.

Árið 1953 var vitnið Eyjólfur Jónsson verzlunarmaður, Hóferði 7, Kópavogi, fjár þurfi vegna nýlenduvöruverzlunar, sem það rak þá í Blönduhlíð 35 hér í bæ. Leitaði vitnið til ákærða út af þessu, en vitnið er bróðir núverandi eiginkonu föður ákærða. Spurði vitnið ákærða að því, hvort hann gæti hjálpað því um lán, og kvaðst hann geta gert það. Hafi ákærði veitt honum meðal annars lán þau, sem í ákæruskjali getur, og atvik að þeim hafi verið þessi:

1. Á árinu 1954 hafi ákærði veitt vitninu lán, að fjárhæð kr. 71.500,00. Hafi það samþykkt tvo víxla fyrir láninu, annan að fjárhæð kr. 52.500,00, en hinn að fjárhæð kr. 19.000,00. Fyrirnefndi víxillinn hefur verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 12. apríl 1954 og með gjalddaga 21. júlí sama ár. Víxlarnir hafi verið tryggðir með veði í eignarhluta vitnisins í Barmahlíð 37. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða 10% vexti af láninu fyrir víxiltímabilið auk 2% þóknunar til hans. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá lánsfjárhæðinni, og hafi vitnið fengið mismuninn greiddan út.

2. Vitnið kveður, að á gjalddaga víxlanna tveggja, sem um ræðir í 1. lið, hafi þeir verið framlengdir með einum víxli til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 71.500,00. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 18. júlí 1954 og með gjalddaga 18. október sama ár. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða fyrir framlengingu þessa 10% í vexti af víxilfjárhæðinni fyrir víxiltímabilið auk 2% þóknunar til hans.

3. Vitnið kveður, að á gjalddaga víxils þess, sem um ræðir í 2. lið, hafi hann verið framlengdur með nýjum víxli til þriggja mánaða sömu fjárhæðar. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 18. október 1954 og með gjalddaga 18. janúar 1955. Þessi víxill hafi síðan á gjalddaga verið framlengdur á ný með tveimur nýjum víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 69.000,00, en hinum að fjárhæð kr. 2.500,00. Hafa víxlar þessir verið lagðir fram í málinu, og er 69 þúsund króna víxillinn dagsettur 18. janúar 1955, en 2.500 króna víxillinn er ódagsettur, en báðir með gjalddaga 18. apríl 1955. Vitnið kveður, að vaxtakjörin fyrir þessa framlengingu hafi verið hin sömu og áður, þ. e. 10% af víxilfjárhæðinni fyrir þriggja mánaða víxiltímabilið auk 2% þóknunar til ákærða.

4. Vitnið kveðst ekki hafa getað greitt fjárhæðir víxlanna tveggja, sem um ræðir í 3. lið, á gjalddaga þeirra, og eftir nokk-

urn tíma hafi þeir verið framlengdir með einum nýjum víxli, að fjárhæð kr. 69.500,00. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann til tveggja mánaða, dagsettur 18. maí 1955 og með gjalddaga 18. júlí sama ár. Víxillinn hafi verið 2 þúsund krónum lægri en fyrri víxlarnir tveir, vegna þess að það heldur, að það hafi greitt þá fjárhæð upp í þá. Vitnið kveður, að vextir af þessum víxli hafi verið þeir sömu og áður, þ. e. 10% af víxilfjárhæðinni fyrir þriggja mánaða tímabilið frá 18. apríl 1955 til 18. júlí sama ár, þó að víxillinn hafi aðeins verið til tveggja mánaða. Á gjalddaga víxilsins hafi átt að ganga að hinni veðsettu eign, og hafi hann orðið þá fyrri til og selt eignarhluta sinn og gert upp víxilinn með því að greiða ákærða í reiðufé kr. 50.000,00 og samþykkja nýjan víxil, að fjárhæð kr. 19.500,00, en ekki var samið um vaxtakjör hans, og er hann ógreiddur (17. jan. 1956).

5. Þá kveður vitnið, að ákærði hafi á árinu 1954 veitt því lán, að fjárhæð kr. 50.000,00. Hafi það samþykkt víxil til þriggja mánaða þeirrar fjárhæðar fyrir láninu. Hefur sá víxill verið lagður fram í málinu, og er hann dagsettur 5. september 1954 og með gjalddaga 5. desember sama ár. Þá var hann tryggður með veði í eignarhluta vitnisins í húseigninni Barmahlíð 37. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða 10% í vexti af láninu fyrir víxiltímabilið auk 2% þóknunar til hans. Víxillinn hafi síðan verið framlengdur í nokkur skipti með sömu kjörum, þar til hann hafi verið greiddur 30. júlí 1955. Samkvæmt þessu hafi vitnið greitt af víxlinum 10% í vexti fyrir þrjá mánuði í einu allan tímann frá 5. september 1954 til 30. júlí 1955.

Vitnið kveðst stundum hafa greitt vextina af lánunum að fullu í reiðufé, en stundum að nokkru í reiðufé og að nokkru með smávíxlum til stutts tíma.

Verður nú rakinn framburður ákærða í málinu:

1. Ákærði kveðst hafa á árinu 1954 veitt vitninu lán, að fjárhæð kr. 71.500,00, og hafi vitnið samþykkt tvo víxla til þriggja mánaða fyrir láninu. Hefur ákærði ekki vefengt, að annar hafi verið víxill sá, að fjárhæð kr. 52.500,00, sem um getur í 1. lið framburðar vitnisins, og muni hinn þá hafa verið að fjárhæð kr. 19.000,00. Ákærði kveðst hafa tekið 7% ársvexti af láninu, auk þess sem vitnið hafi greitt kostnað við gerð og stimplun skjala og þinglýsingu tryggingarbréfs. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá útborgaðri lánsfjárhæð.

2. Ákærði kveður, að á gjalddaga víxlanna tveggja, sem um

getur í 1. lið, hafi þeir verið framlengdir með víxli þeim, að fjárhæð kr. 71.500,00, sem um ræðir í 2. lið framburðar vitnisins. Vextir af víxli þessum hafi verið 7% ársvextir auk kostnaðar við stimplun hans.

3. Ákærði hefur borið, að á gjalddaga víxils þess, sem um getur í 2. lið, hafi hann verið framlengdur á ný með fyrst talda víxlinum, sem talinn er í 3. lið framburðar vitnisins, og með sömu kjörum og áður. Þessi víxill hafi síðan á gjalddaga verið framlengdur með víxlunum tveimur, að fjárhæð kr. 69.000,00 og að fjárhæð kr. 2.500,00, sem taldir eru í 3. lið framburðar vitnisins, og hafi kjörin verið hin sömu og áður.

4. Ákærði kveður, að á gjalddaga tveggja seinast töldu víxla í 3. lið hafi þeir eigi verið greiddir, og hafi dregizt nokkuð að framlengja þá. Þeir hafi síðan verið framlengdir með víxli þeim, að fjárhæð kr. 69.500,00, sem um getur í 4. lið framburðar vitnisins, en kr. 2.000,00 hafi vitnið verið búið að greiða upp í þá. Vaxtakjörin hafi áreiðanlega verið hin sömu og áður, þ. e. 7% ársvextir auk stimpilkostnaðar, og hafi vextirnir vafalaust verið miðaðir við þriggja mánaða tímabilið frá 18. apríl 1955 til 18. júlí sama ár. Vitnið hafi svo, þegar þessi seinasti víxill féll í gjalddaga, greitt hann upp, að undanteknum kr. 19.500,00, sem það hafi samþykkt sérstakan víxil fyrir.

5. Þá kveðst ákærði hafa veitt vitninu á árinu 1954 lán, að fjárhæð kr. 50.000,00, og hafi það samþykkt fyrir láninu víxil þann, sem um ræðir í 5. lið framburðar vitnisins. Vitnið hafi greitt honum 7% ársvexti af láninu svo og kostnað við gerð og stimplun skjala svo og þinglýsingarkostnað. Upphæðir þessar hafi verið dregnar frá lánsfjárhæðinni, og hafi vitnið fengið mismuninn greiddan út í reiðufé. Ákærði kveður, að víxillinn hafi ekki verið framlengdur, heldur hafi hann verið greiddur, eftir að hann féll í gjalddaga.

Ákærði hefur borið það, að vitnið hafi jafnan greitt vextina af framangreindum lánunum í reiðufé.

Samprófun ákærða og vitnisins hefur engan árangur borið, og vann vitnið eið að framburði sínum.

Í málinu hefur verið lagt fram staðfest endurrit úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur af tryggingarbréfi vitnisins, dagsettu 12. apríl 1954, þar sem það veitir handhöfum tveggja víxla veð í eignarhluta sínum í eigninni Barmahlíð 37. Samkvæmt bréfinu eru víxlarnir samþykktir af vitninu með gjalddaga 12. júlí og 21. júlí 1954, annar að fjárhæð kr. 17.000,00, en hinn að fjárhæð

kr. 52.500,00. Samkvæmt þessu verður að telja, að víxill sá, sem vitnið og ákærði telja í 1. lið framburða sinna vera að fjárhæð kr. 19.000,00, hafi verið að fjárhæð kr. 17.000,00.

Dómurinn verður að telja, að enda þó litið sé á mál þetta í heild, þar sem fram kemur, að ákærði hafi í mörgum tilfellum gerzt brotlegur við lög nr. 73/1933, sé eigi sönnuð á hann sök í þessu ákæruatriði, þar sem staðhæfing stendur gegn staðhæfingu og engin gögn önnur um viðskipti þessi er við að styðjast. Ber því að sýkna hann af ákæru þessa liðar.

X.

Hinn 29. ágúst 1955 kærði Hrafnkell Guðjónsson sjómaður, Hverfisgötu 101 hér í bæ, yfir viðskiptum, sem hann hefði átt við ákærða. Skýrði hann frá málavöxtum í kærinni og við rannsókn málsins á þá leið, að hann hefði á sumrinu áður byrjað að byggja íbúðarhúsið nr. 16 við Njörvasund. Þá um haustið vantaði hann fé til þess að gera húsið fokhelt, áður en vetur gengi í garð, og bauðst faðir hans, Guðjón Guðjónsson verkamaður, Hverfisgötu 101 hér í bæ, til að reyna að útvega honum lánsfé. Varð að ráði, að Guðjón leitaði til ákærða um lán, og segir Hrafnkell hann (Guðjón) hafa skýrt sér svo frá, að ákærði hefði tjáð sig fúsan til lánveitingar til húsbýggingarinnar eftir þörfum með 12% vöxtum. Skildist þeim feðgum, að þetta væru ársvextir, og vildu þeir sæta þessum kjörum út úr vandræðum og til bráðabirgða til að koma húsinu undir þak, svo að þeir gætu fengið fast lán út á það, og var þá ætlunin að greiða af því láni skuldina við ákærða. Kom þeim saman um að fara fram á 70 þúsund króna lán. Guðjón tjáði Hrafnkeli síðar, að hann hefði talað um þetta við ákærða, og fóru þeir feðgar síðan til ákærða, og samþykkti Hrafnkell þar 70.000,00 króna víxil til þriggja mánaða, og er hann dagsettur 25. október 1954. Jafnframt setti hann húsið Njörvasund 16 að veði fyrir greiðslu víxilsins með I. veðrétti. Eigi minnst Hrafnkell þess, að lánskjörin bærust í tal við þetta tækifæri. Upp úr þessu segir Hrafnkell föður sinn hafa smátt og smátt fengið hjá ákærða samtals kr. 22.000,00 út á víxilinn, og hafi það fé gengið til húsbýggingarinnar. Þegar þetta fé var fengið, segir Hrafnkell ákærða hafa gert sér boð að finna sig til að gefa út nýjan víxil og framlengja lánið, eins og hann hafi orðað það. Hrafnkell fór til hans, og í samtali við hann varð honum ljóst, að kjörin voru 12% vextir til þriggja mánaða. Taldi hann ekkert vit vera í að fá svo dýrt lánsfé, og varð það

þá ljóst milli hans og ákærða, að sá fyrrnefndi vildi ekki meira lánsfé frá ákærða með þessum kjörum. Skildist Hrafnkeli, að ákærði vildi, að hann samþykkti víxil, að upphæð kr. 24.640,00, að viðbættum 12% vöxtum fyrir þrjá næstu mánuðina, en í nefndri upphæð var sjálft lánsféð, kr. 22.000,00, og vextir fram að þessum samtalsdegi að áliti Hrafnkels. Hrafnkell neitaði að samþykkja víxilinn, og skildu þeir síðan í styttingi.

Nokkru síðar segir Hrafnkell föður sinn hafa skýrt sér svo frá, að hann hefði gefið ákærða kvittun fyrir kr. 24.640,00 og getið þess, að hjá því yrði ekki komizt.

Hinn 12. september 1955 bað Högni Jónsson hdl. f. h. ákærða um uppboð á víxlinum og tryggingarbréfinu til greiðslu kr. 24.640,00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. maí 1955 til greiðsludags auk kostnaðar. Til uppboðs kom ekki, því að Hrafnkell fékk um þessar mundir bankalán og greiddi af því skuldina við ákærða, svo sem krafið var.

Guðjón Guðjónsson hefur skýrt frá málavöxtum í samræmi við skýrslu Hrafnkels. Hann fór fram á lánið við ákærða, sem tók því líklega að lána til byggingarinnar allt að 70 þúsund krónum, og kvaðst hann taka 10% vexti og 2% þóknun, og skildist Guðjóni, að vextir þessir væru ársvextir. Tók ákærði fram, að lán sín væru til þriggja mánaða, og gerði það að skilyrði, að hann fengi fyrir fram í hendur þriggja mánaða víxil, að upphæð kr. 70.000,00, og I. veðréttar tryggingarbréf í Njörvasundi 16 til tryggingar víxlinum. Guðjón kvaðst eigi vilja láta þessi skjöl af hendi við hann nema fá peningana um leið, en ákærði kvaðst þá ekki eiga peningana sjálfur og ekki geta fengið þá nema hafa skjölin í höndunum. Féllst Guðjón þá á þetta, og undirritaði Hrafnkell skjölin, svo sem frá er sagt hér á undan. Minnst Guðjón þess ekki, að þeir feðgarnir væru samtímis staddir hjá ákærða nema í það eina skipti, þegar gengið var frá skjölunum, og eigi minnst hann þess, hvað þá var sérstaklega um talað.

Lánsfjárgreiðslur ákærða gengu síðan mjög dræmt að sögn Guðjóns, sem tók við þeim öllum, og samtals kveðst hann hafa tekið við kr. 22.000,00, eða að minnsta kosti muni hann ekki betur. Síðar segir hann það hafa orðið þeim feðgum ljóst, að vextir ákærða væru miklu hærri en þeir höfðu álitnið, og ákváðu þeir þá að fá ekki meira lánsfé hjá honum. Kveðst Guðjón ekki mega með það fara með vissu, hve háir þeir vextir voru, sem þeir kom-

ust að, að væru á lánsfénu, en hann telur láta nærri, að það hafi verið ársfjórðungsvextir, sem þeir höfðu álitid ársvexti.

Ákærði skýrir svo frá, að um áramótin 1954 og 1955, — hefur verið fyrr, því að víxillinn er dagsettur 25. október 1954, — hafi þeir feðgar komið til sín og falast eftir peningaláni handa Hrafnkeli til nefndrar húsbyggingar. Sváraði ákærði málaleitan þeirra á þá leið, að hann gæti keypt af Guðjóni 70.000,00 króna víxil, samþykktan af Hrafnkeli með I. veðréttar tryggingarbréfi í Njörvasundi 16, út gefnu af Hrafnkeli. Jafnframt setti hann upp þau kjör að fá 10% afföll af nafnverði víxilsins, sem væri til þriggja mánaða. Ákærði hafði í huga, að ef hann keypti víxilinn með þessum kjörum af Hrafnkeli, væri hann tvímælaust brotlegur við okurlögin, en ef hann keypti víxilinn af Guðjóni, væri víxillinn orðinn verðbréf og um verðbréfakaup að ræða, en ekki lánveitingu. Þessar hugrenningar, minnir ákærða, að hann segði Guðjóni, þegar Hrafnkell var farinn af þessum fundi þeirra, en eigi minnst Guðjón þess, að ákærði hefði orð á þessu. Ákærði skýrir enn fremur svo frá, að Guðjón hafi gengið að áður-nefndum skilmálum, ákærði útbúið skjölin og Guðjón farið með þau til undirskriftar. Nokkru síðar hafi hann svo komið með skjölin undirskrifuð af Hrafnkeli, og hafi ákærði síðan greitt honum í tvennu lagi kr. 24.640,00, sem Guðjón hafi kvittað fyrir. Ætlunin var að sögn ákærða, að Guðjón fengi síðar það, sem á vantaði víxilfjárhæðina, að frádregnum afföllum, en þau hafi átt að greiðast af lokagreiðslunni. Úr þessu varð þó ekki, því að áður en til þess kæmi, tilkynnti Guðjón ákærða, að lán hefði fengizt út á II. veðrétt eignarinnar, og væri eigi þörf fyrir meira lánsfé frá ákærða. Ákærði lét þinglýsa tryggingarbréfinu og telur sig hafa gert það, strax eftir að hann greiddi Guðjóni fyrri greiðsluna. Um innheimtu og greiðslu fór í stórum dráttum svo sem áður segir.

Samprófun feðganna og ákærða bar eigi árangur.

Fram hefur verið lagt staðfest endurrit kvittunar Guðjóns fyrir kr. 24.640,00, dagsett 10. maí 1955, og verður eigi talið nægilega sannað, að lánsfjárgreiðslur ákærða hafi numið minni upphæð.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi í þessu tilfelli verið kaupandi viðskiptabréfs, en ekki lánveitandi, og sé því eigi í þessu tilfelli um brot að ræða af sinni hendi gegn þeim lagaákvæðum, sem ákært er fyrir brot gegn. Þetta sjónarmið hans þykir þó eigi geta staðizt. Eðli málsins samkvæmt var hann

að veita Hrafnkeli lán gegn veði í fasteign, og fá engu um þetta breytt hugrenningar ákærða um sniðgöngu á ákvæðum laga um leyfilega vexti af slíkum lánum. Upplýst er, að Landsbanki Íslands tók á þeim tíma, sem hér skiptir máli, 7% vexti af fasteignaveðslánum, og var ákærða þá óheimilt að áskilja sér eða taka hærri vexti af því láni, sem hér er um að ræða. Samt áskildi hann sér samkvæmt eigin frásögn, sem leggja verður hér til grundvallar, 10% vexti í þrjá mánuði, sem svara til 40% ársvaxta, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 2. gr. laga nr. 73/1933, sbr. lög nr. 75/1952, og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933. Takmarkast sakarefni af ákæruskjali við kr. 22.000,00. Hefur ákærði áskilið sér í vexti af láninu kr. 1.815,00 umfram lögleyfða vexti.

XI.

Á árunum 1943 til 1955 rak Ragnar Blöndal h/f vefnaðarvöruverzlun í Austurstræti 10 hér í bæ, og var Gunnar Hall, Víðimel 64, framkvæmdastjóri félagsins og meðeigandi í því. Um áramótin 1954—1955 var félagið komið í slíkar fjárkröggur, að það hætti verzlunarrekstrinum á öndverðu árinu 1955. Hinn 26. febrúar þess árs lét Gunnar Hall af framkvæmdastjórastarfinu og afsalaði hlutafjáreign sinni og konu sinnar í hendur frú Ilse Blöndal og barna hennar, en hún var formaður félagsstjórnarinnar. Að tilmælum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f og með samþykki Gunnars Hall, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins, tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins og leggja niðurstöðu sína fyrir bankana. Við athugun hans kom í ljós, að skuldir félagsins námu um 14 milljónum króna. Eignir félagsins voru seldar, og með samningum við skuldheimtumenn voru 60 hundraðshlutar skuldanna teknir sem fullnaðargreiðsla þeirra. Annaðist hæstaréttarlögmaðurinn samninga þessa og innti greiðslur af hendi.

Í rannsókn málsins skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að á árunum 1953 og 1954 hefði hann lagt kapp á að birgja verzlunina að vörum, og samþykkti hann fyrir félagsins hönd víxla fyrir andvirði hinna keyptu vara, og námu þeir að hans sögn geysimiklum upphæðum samtals. Þegar að skuldadögum kom, skorti félagið fé til greiðslna, og leiddi þetta meðal annars til þess, að framkvæmdastjórinn leitaði eftir lánsfé utan lánastofnana. Sú viðleitni bar þann árangur, að honum tókst að selja

ýmsum einstaklingum allmikið af víxlum, sem félagið hafði samþykkt, og heldur hann því fram, að hann hafi orðið að sæta háum afföllum af víxlum þessum, þ. e. a. s., að vextir víxillána þessara hafi farið langt fram úr því, sem heimilt sé.

Einn þeirra, sem hér eiga hlut að máli, er ákærði, og eru víxlur þeir, sem þessi ákæruliður fjallar um, af þessum viðskiptum sprotnir. Víxlarnir A 1—9 voru allir greiddir fyrir skuldaskilin, en víxlarnir B 1—5 voru greiddir í skuldaskilunum með 60% af nafnverði.

Ákærði og Gunnar Hall eru sammála um, að þessi viðskipti þeirra hafi hafizt árið 1953, — seint á árinu, að því er ákærði telur, — og verið nokkur á því ári. Aðallega hafi þau þó gerzt 1954, einkum síðari hluta þess. Viðskiptin voru að sögn ákærða eingöngu í því fólgin, að hann keypti víxla af Gunnari, sem voru allir samþykktir af Ragnari Blöndal h/f, en út gefnir ýmist af Nær-fatagerðinni Lillu h/f eða Gunnari sjálfum og ábektir af sömu aðiljum, þ. e. a. s. þeim þeirra, sem ekki var útgefandi. Á víxlana ritaði Gunnar fyrir hönd fyrirtækjanna, og var ákærða ljóst allan viðskiptatímamann, að hann var framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna.

Um viðskiptakjörin greinir ákærða og Gunnar á. Sá síðarnefndi heldur því fram, að ákærði hafi undantekningarlaust tekið 5% mánaðarvexti af víxilupphæðunum og að um annað hafi aldrei verið að ræða, en ákærði, að afföllin hafi verið 10% á þriggja mánaða víxlum og hlutfallslega hærri, ef víxlarnir voru til lengri tíma, svo sem að 20% afföll hafi verið af sex mánaða víxlum. Engin aukagjöld voru, þegar ákærði var sjálfur kaupandi, svo sem var um alla þá víxla, sem í þessum ákærulið getur, en þegar hann var milligöngumaður milli Gunnars Hall og kaupenda víxla, tók hann 2% víxilupphæðarinnar í lántökugjald, og var það gjald jafnt, til hve langs tíma sem víxlarnir voru, og talið með afföllunum, ósundurliðað, gagnvart Gunnari.

Um kjörin eru eigi aðrir til frásagnar en Gunnar og ákærði, og skrifleg gögn um þau hafa engin komið fram. Verður því að leggja frásögn ákærða um þau til grundvallar í úrlausn málsins.

Ákærði heldur því fram, að Gunnar hafi gengið eftir sér um viðskipti þessi. Hann hafi borið sig vel og eigi nefnt, að hann væri í fjárkröggum, heldur að hann þarfnadist skyndilána til að kaupa auðseljanlegar vörur, sem aðrir kaupmenn gætu ekki leyst inn og hann ætti kost á. Var ákærða kunnugt um, að þá undanfarið höfðu verið nokkur brögð að því, að pantendur vara

höfðu ekki getað leyst þær út og þær þá staðið öðrum til boða án álagningar pantendanna. Yfirleitt segir ákærði sér hafa verið ljóst, að þessi vörupartíakaup hafi verið fyrir Ragnar Blöndal h/f og að vörurnar ættu að fara í sölubúð félagsins, en fyrir hafi einnig komið, að um hafi verið að ræða kaup á efnivörum handa Nærfatagerðinni Lillu h/f í vörur, sem síðan voru seldar Ragnari Blöndal h/f. Vegna áðurnefndra kjara kveðst ákærði ekki hafa talið sér heimilt að kaupa víxlana af samþykkjanda þeirra, Ragnari Blöndal h/f, og þess vegna hafa sjálfur litið svo á, að hann keypti þá af Nærfatagerðinni Lillu h/f eða Gunnari Hall sjálfum, sem voru útgefendur þeirra og ábekingar. Hafi hann því bæði í upphafi viðskiptanna og síðan öðru hverju, meðan þau stóðu yfir, talað um það við Gunnar, að hann gæti ekki keypt víxlana af samþykkjanda þeirra, heldur yrði hann að kaupa þá af öðrum hinna aðiljanna til að koma þessum viðskiptum inn á grundvöll verðbréfiðskipta, og hafi Gunnar verið því samþykkur. Þessu neitar Gunnar og heldur því fram, að ákærði hafi aldrei minnt á þetta við sig.

Af þessum málavöxtum telur dómurinn, að ákærði hafi samkvæmt eðli málsins verið lánveitandi í þeim tilfellum, sem hér um ræðir. Hefur hann með því að taka og áskilja sér sem svarar 40% ársvexti af víxlum þeim, sem þessi ákæruliður fjallar um, gerzt brotlegur við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933. Af víxlunum í A-lið hefur hann tekið kr. 56.420,00 í vexti umfram hina lögleyfðu og áskilið sér af víxlunum í B-lið kr. 28.960,00 í vexti umfram hina lögleyfðu.

XII.

Um víxil þann, sem þessi ákæruliður fjallar um, er skýrsla ákærða á þá leið, að hann hafi kringum útgáfudaginn, 15. september 1954, keypt víxilinn, sem var til þriggja mánaða, af Gunnari Hall fyrir 35.000,00 krónur, sem hann greiddi með kr. 20.000,00 í peningum og kr. 15.000,00 í skuldabréfum Útgerðarfélag Akraness, en gangverð þeirra var á þessum tímum um 80% nafnverðs að sögn ákærða. Gunnar Hall heldur því fram, að kjörin hafi verið 5% vextir á mánuði eins og á öllum þeim víxlum, sem ákærði hafi keypt af sér. Um kjörin eru eigi aðrir til frásagnar en Gunnar og ákærði, og skrifleg gögn um þau hafa engin komið fram. Verður því að leggja frásögn ákærða um þau til grundvallar í úrlausn málsins. Telur dómurinn með tilvísun til 11. ákæruliðar, að ákærði hafi samkvæmt eðli málsins

verið lánveitandi í þessu tilfelli, og þar sem hann hefur a. m. k. áskilið sér sem svarar 50% ársvexti af vixlinum, hefur hann gerzt brotlegur við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933. Hefur hann þannig áskilið sér kr. 4.200,00 í vexti af vixlinum umfram hina lögleyfðu.

XIII.

Í marz 1954 stóð þannig á, að Haukur Heiðar bankafulltrúi, Tómasarhaga 27, hafði áhuga á að ávaxta sem ríkulegast kr. 70.000,00 fyrir Jón Pálsson húsvörð, Ingólfshvoli. Þetta tjáði hann ákærða, sem hann segir, að áður hafi látið í ljós við sig, að hann gæti ávaxtað fé, ef svo byði við að horfa. Varð það úr, að ákærði hafði milligöngu um það, að fé þetta ávaxtaðist, með því að kaupa fyrir það 70.000,00 króna vixil, út gefinn af Gunnari Hall og samþykktan af Ragnari Blöndal h/f, dagsettan 21. maí 1954 og með gjalddaga 21. nóvember sama ár. Voru afföll að sögn ákærða 17½%, þar af 2% lántökugjald til ákærða. Vixli þessum var síðar skipt í þrjá vixla, sem allir lentu í skuldaskilum Ragnars Blöndals h/f og voru greiddir með 40% afslætti.

Um þessi viðskipti gegnir að áliti dómsins sama máli og þau, sem 11. ákæruliður fjallar um, og að þau eru í eðli sínu lánveiting til Ragnars Blöndals h/f, þó þannig, að ákærði er eigi lánveitandi, heldur milligöngumaður. Taka lántökugjaldsins, 2%, telst vítalaus, en með því að vera milligöngumaður um lánveitingu þessa með 15½% vöxtum í sex mánuði, sem svarar til 31% ársvaxta, hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Áskildir vextir fram yfir hina lögleyfðu eru í þessu tilfelli kr. 8.050,00.

XIV.

Einn þeirra vixla, sem lýst var í margnefnd skuldaskil og greiddur þar með 60% af nafnverði, var út gefinn af Nærfatagerðinni Lillu h/f hinn 15. júlí 1954, að upphæð kr. 125.000,00, samþykktur til greiðslu 15. janúar 1955 af Ragnari Blöndal h/f og ábektur af Gunnari Hall. Vixil þennan hafði ákærði að eigin sögn keypt af Gunnari Hall með 20% afföllum og greitt með andvirði skuldabréfa, sem hann hafði til sölu fyrir Viðey h/f. Afhenti hann síðan Viðey h/f vixilinn sem andvirði skuldabréfanna.

Um þessi viðskipti gegnir að áliti dómsins sama máli og þau,

sem 11. ákæruliður fjallar um, og að þau eru í eðli sínu lánveiting til Ragnars Blöndals h/f, þó þannig, að ákærði er eigi lánveitandi, heldur milligöngumaður. Með milligöngu sinni um þessa lánveitingu með vöxtum, sem svara til 40% ársvaxta, hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933.

Áskildir vextir fram yfir hið lögleyfða eru í þessu tilfelli kr. 20.000,00.

XV.

Víxil þann, sem þessi liður ákærunnar er um, segir Gunnar Hall vera einn víxilinn úr viðskiptum sínum við ákærða.

Einhvern tíma síðari hluta árs 1954, þegar þeir höfðu lengi átt viðskipti saman, segir hann ákærða hafa tjáð sér, að hann gæti útvegað peninga úr Iðnaðarbankanum og mundi geta selt þar víxil eða víxla. Í framhaldi af þessu samþykkti Gunnar víxilinn f. h. Ragnars Blöndals h/f og afhenti ákærða hann, en eftir nokkra daga greiddi ákærði honum nafnverð víxilsins að frá-dregnum 5% víxilupphæðarinnar á mánuði, en þá vexti segir Gunnar ákærða hafa tekið af lánum til sín, svo sem áður segir. Í millitíðinni fylgdist Gunnar ekki með ferli víxilsins, en ákærði sagði honum frá því, að Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður hefði ábekt víxilinn og að Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson verzlunarmaður, Leifsgötu 4, hefði farið með víxilinn í Iðnaðarbankann og annast sölu á honum þar. Heldur Gunnar því fram, að Ragnar hafi að vísu verið viðstaddur í skrifstofu ákærða, þegar Gunnar afhenti ákærða víxilinn þar samþykktan, en sjálfur kveðst hann aldrei hafa talað við Ragnar um víxilinn.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum um víxil þennan, sem út gefinn er af Ragnari Ingólfssyni f. h. Sveins Jónssonar & Co., að skömmu fyrir útgáfudag víxilsins hafi Gunnar komið til sín í skrifstofuna, og hafi Ragnar þá verið þar staddur, en Ragnar var þá starfsmaður í Almennu fasteignasölunni í sama húsi. Ákærði var eigandi þess fyrirtækis, og vann Ragnar í því upp á ágóðahlut. Ákærði heldur því fram, að Gunnar hafi nú leitað hófanna bæði hjá sér og Ragnari, — talað jafnt til þeirra beggja — um, hvort eigi mundi vera unnt að selja fyrir Ragnar Blöndal h/f víxil í Iðnaðarbankanum, og hafi þeir lofað að athuga það. Upp úr þessu hafi svo Ragnar farið með víxilinn í Iðnaðarbankann alveg á eigin spýtur, og fylgdist ákærði þá ekki með gangi málsins. Eftir förina í bankann skýrði Ragnar ákærða svo frá, að

bankinn vildi því aðeins kaupa víxilinn, að á honum væri einn ábyrgðarmaður til viðbótar því, sem var. Til að ráða bót á þessu kveðst ákærði hafa mælt til þess við Baldvin Jónsson hrl., að hann skrifaði upp á víxilinn, og hafi Baldvin gert það og eingöngu í greiðaskyni.

Hefur hæstaréttarlögmaðurinn staðfest þessa frásögn sem rétta.

Fór Ragnar síðan aftur með víxilinn í bankann og seldi hann þar, og fékk Gunnar andvirði víxilsins að frádregnum 5%, sem Ragnar áskildi sér fyrir milligöngu sína. Önnur afskipti af víxli þessum en nú hafa verið rakin neitar ákærði að hafa af honum haft. Neitar hann því að hafa eignast víxilinn eða að hafa verið milligöngumaður um sölu hans.

Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson skýrir svo frá, að einhvern tíma seint á árinu 1954, sennilega í nóvember, hafi Gunnar Hall hitt sig og mælt til þess, að hann reyndi að selja fyrir sig 100.000,00 króna víxil, samþykktan af Ragnari Blöndal h/f. Ragnar tók vel þeirri málaleitan og fékk víxilinn frá Gunnari. Telur hann, að þetta viðtal og afhending víxilsins hafi farið fram einhvers staðar á gangi í húsinu, þar sem skrifstofa ákærða er, og var enginn viðstaddur tal þeirra. Eigi kveðst hann vita til þess, að Gunnar hafi beðið ákærða að selja víxilinn. Ragnar fór nú með víxilinn til bankastjóra Iðnaðarbankans, sem eigi vildi kaupa hann, nema fyrir honum væri sett trygging eða einhver ábyrgðarmaður fengist á hann. Frá þessu skýrði Ragnar ákærða sem kunningja, en eigi sökum þess, að víxilinn væri honum viðkomandi, og leysti ákærði vandann með því að fá Baldvin Jónsson hrl. til að ábekja víxilinn. Með víxilinn þannig breyttan fór Ragnar aftur til bankastjórans, sem nú keypti hann með venjulegum bankakjörum. Ragnar kom gagnvart bankanum fram sem seljandi víxilsins, og er það staðfest af bankastjóranum, sem segir sér hafa verið ókunnugt um, að ákærði væri á nokkurn hátt riðinn við víxil þennan. Ragnar kveðst hafa farið með andvirði víxilsins til Gunnars í skrifstofuna í Austurstræti 10A og afhent honum það þar, en Gunnar þá jafnframt greitt sér 5% víxilupphæðarinnar eða því sem næst í þóknun fyrir sölu. Ragnar, sem gaf út víxilinn f. h. Sveins Jónssonar & Co., kveðst hafa sagt ákærða a. m. k. að einhverju leyti frá gangi þessa máls, en málið hafi þó verið honum óviðkomandi.

Samprófun Gunnars Hall við þá ákærða og Ragnar bar engan árangur.

Samkvæmt því, sem nú er rakið um víxil þennan, er ósannað, að ákærði hafi átt refsiverðan þátt í ráðstöfun hans, og verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

XVI.

Um víxil þann, sem þessi ákæruliður fjallar um, er skýrsla ákærða á þá leið, að hann hafi keypt hann í fyrri hluta desember 1954 af Gunnari Hall fyrir kr. 65.000,00 í peningum og kr. 35.000,00 í skuldabréfum Útgerðarfélags Akraness, en gangverð þeirra bréfa hafi á þeim tíma verið um 80% nafnverðs. Áður hafði ákærði að vísu í rannsókn málsins haldið því fram, að kjörin á öllum víxlakaupum sínum af Gunnari hafi verið svo sem getið er í 11. ákærulið hér að framan, en þegar þessi sérstaki víxill kom fram í rannsókninni, hélt hann fram þeim kjörum, sem nefnd voru.

Gunnar staðhæfir hins vegar, að kjörin á þessum víxli hafi verið eins og á öllum hinum, 5% mánaðarvextir, og að aldrei hafi komið til tals, að hann fengi skuldabréf Útgerðarfélags Akraness fyrir víxilinn.

Þar sem engir eru til frásagnar um kjörin á þessum víxli aðrir en Gunnar og ákærði og engin skrifleg gögn um þau hafa fram komið, er eigi sönnun fram komin fyrir sekt ákærða samkvæmt þessum ákærulið, og ber því að sýkna hann af honum.

XVII.

Árið 1954 stundaði Steinn héraðsdómslögmaður Jónsson verðbréfavíðskipti hér í bænum, og leituðu þá til hans tveir menn, sem nafngreindir eru í rannsókn málsins, og óskuðu eftir kaupum á verðbréfum. Héraðsdómslögmaðurinn og ákærði voru kunningjar, og var hinum fyrrnefnda kunnugt um, að hinn síðarnefndi hefði ýmis verðbréf á boðstólum. Kom þar tali þeirra, að ákærði kvaðst geta boðið þá víxla, sem í þessum lið eru greindir, 40.000,00 króna víxil til tveggja mánaða og 50.000,00 króna víxil til þriggja mánaða, og varð það úr, að héraðsdómslögmaðurinn keypti þá í nóvember 1954, að hann fastlega minnir. Eru þeir sammála um, að söluverðið hafi verið 90% nafnverðs.

Ákærði kveðst í þessum viðskiptum hafa verið milligöngu- maður milli Gunnars Hall og héraðsdómslögmannsins, sjálfur hafa haldið 2% víxilupphæðanna í þóknun, en greitt Gunnari 88% þeirra. Gunnar Hall heldur því fram, að á þessum víxlum hafi verið sömu kjör og á öðrum víxlum, sem ákærði keypti, þ. e. a. s. 5% afföll á mánuði.

Um þessi viðskipti gegnir að álitu dómsins sama máli og þau, sem 11. ákæruliður fjallar um, og að þau eru í eðli sínu lánveiting til Ragnars Blöndals h/f, þó þannig, að ákærði er eigi lánveitandi, heldur milligöngumaður. Taka 2% þóknunarinnar telst vítalaus, en með hinum háu vaxtakjörum hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 73/1933. Af 40.000,00 króna víxlinum voru tekin 10% í 2 mánuði, sem svarar til 60% ársvaxta, en af 50.000,00 króna víxlinum 10% í 3 mánuði, sem svarar til 40% ársvaxta. Samanlagðir áskildir vextir af báðum víxlunum voru því kr. 7.466.67 umfram lögleyfða vexti.

Niðurlag:

Þar sem hinir ólöglega teknu og áskildu vextir nema samkvæmt því, sem rakið hefur verið, samtals kr. 142.488,60, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 570.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi eins árs varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Brandur Brynjólfsson, greiði kr. 570.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í eitt ár í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.